náttúrunna, verðgildi kr. 821.238,00
Önnur mál: Rætt var um komu Óla Vals
ráðanautar og var áhveðið að fá hann
til að koma og athuga hvort jarðvegur
hér í kringum Borðeyri væri nothæfur til
að rækta í kjaplöndur og annan gróður
eins og fram kom áhugi fyrir á fundi í
haust.
Áhveðið var að hækka verð á fundarkaffi
í kr. 500,00.
Kosin var nefnd til að sjá um lagfæringu
á Kaffiskúrnum, ~~sem~~ er hann er orðinn
ansi illa útlítandi. Þessar konur voru
kosnar. Sigríður Jónsdóttir, Inga Danielsd.
Hanna Hannesdóttir og Elsa Ísleifsdóttir
er þeim og heimilt að kalla út fleiri konur
til liðs við sig.
Biena Bjarnadóttir bar fram þá tillögu
að kjósa nefnd til að sjá um skemmtun
fyrir börn 17. júní. Hlaut tillagan
mjög góðar undirtektir og voru þær
Biena Bjarnadóttir, Þorgerður Sigurðjónsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir og Auður Skúladóttir
kosnar til að sjá um þessa skemmtun.
Til vara var kosin Ólöf Björnsdóttir.
Í ferðanefnd voru kosnar: Sigríður Halldórsd.
Lilja Sigurðardóttir og Sigurrós Sigurðardóttir

Fulltrúi kvenfélagsins á aðalfund K.S.S.
á Hólmavík var kosinn Laufey Dagbjartsd.
og til vara Sigríður Jónsdóttir.
Að kosningum loknum var innheimt árgjald
Húsfreyjunnar. Fleiri mál lágu ekki fyrir
að sinni og fundi því slitið.

B.G.

Fundur haldinn í kvenfél. Iðunn 4. des 1977
Fundurinn var að venju haldinn í Barnaskólanum
á Borðeyri. Mættar voru 17 konur.
Formaður setti fundinn og las dagskrá fundarins
er var: 1. Fundur settur
2. Lesin fundargerð aðalfundar K.S.S.
3. Önnur mál
4. Kosið í jólatrésnefnd og Þorrablótsnefnd.
Formaður kvaðst hafa verið undanfarið að
skrifa sögu kvenfélagsins Iðunn. Hefur
félagið starfað að heita má óslitið síðan
það var stofnað fyrir 50 árum.
Síðan las formaður fundargerð frá aðalfundi
K.S.S. sem var haldinn á Hólmavík í vor.

Var það 29. aðalfundur K.S.S.
Voru þar rakin störf sambandsins s.l. ár.
Engin kona úr stjórn K.Í. gat mætt á fundinum eins og til stóð, né heldur Björg Einarsdóttir.
Fram kom tillaga frá kvenfélaginu Björk þar sem beint er þeim tilmælum til K.S.S. að það hefji áróður fyrir því að fólk brenni plasti og öðru óþarfa drasli sem annars fyki um allt til óþrifnaðar og eyðileggingar. Fundurinn samþykkti tillögurna og var samið bréf til landverndar viðvíkjandi þessu efni
Í skýrslu orlofsnefndar kom fram, að ekkert orlof hefði verið hægt að veita konum á s.l. ári vegna peningaleysis.
Jónný Guðmundsdóttir ritari bað undan endurkjöri og var Sigrún Jónsdóttir Drangsnesi kosin í hennar stað. Varastjórn var endurkjörin svo og endurskoðendur reikninga sambandsins. Kvenfélagið Björk bauðst til að sjá um næsta aðalfund.
"Annars mál: Fyrirspurn kom frá Jóhanni um hvort ólögur væri fyrir að koma á fót einhverjum léttum iðnaði, hér á Borðeyri, er konur gætu starfað við meiri hluta ársins. Taldist hún hafa farið ásamt bónda sínum austur í Vídidlíð og kynnt sér þann iðnað sem þar var komið á fót.
Þar eru saumaðir prjónajakkar, húfur, treflar og þess háttar. Þar vinna 6-8 konur 40 stundir á viku og sjá þær um sig sjálfar til og frá vinnustað. Saumastofan er sameignarhlutafélag hrepps, kvenfélags og einstaklinga.
Stofnsti hlutur er kr. 25.000,00 (25 þúsund)
Tæra má sáð fyrir að stofnkostnaður við svona iðnað yrði rúmlega 4 milljónir króna
Verkefnið er frá Álafoss og S.Í.S. og er greitt visst fyrir hverja flík. Vinnulaun miðast við Ísafjarðarsvæði. Urðu miklar og jákvæðar umræður um þetta mál og var ákveðið að fela stjórn kvenfélagsins að kanna nánar með fjáröflun og annað í því sambandi að hrinda þessu í framkvæmd.
Þá var rætt um laufabrauðið og ákveðið að koma saman mánudagskvöldið 12. des og búa það til.
Þá var tekinn fyrir síðasti liðurinn á dagskrá, kosningar. Í jólanefnd voru kosnar þær Jenna Jónasdóttir, Sigríður Ingólfsd. Jóna Guðmundsdóttir, Lilja Sigurðardóttir Laufey Daðjarlsdóttir og Sigríður Sveinbjarnardóttir.
Til vara Jóhanna Helgadóttir og Sigurrós Sigurðardóttir.

Í Þorrablótsnefnd voru kosnar
Guðný Skúladóttir, Inga Danielsdóttir.
Hanna Hannesdóttir og Sigríður Jónsdóttir
og til vara Rósa Jensdóttir og Sigurrós
Sigurðardóttir.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið.
E.G.

Aðalfundur kvenfélagsins Fríum haldinn á
Borðeyri 29. jan 1978. Mættar voru 20 konur
Formaður las upp dagskrána er var,
1. Fundur settur. 2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar skýrðir. 4. Önnur mál. 5. Kosningar
Síðan setti formaður fundinn, sem er 31. aðalfundur
félagsins, bauð fundarkonur velkomnar og
rakti störf félagsins s.l. ár. Fríir félagsfundir
voru haldnir á árinu og fríir saumafundir -
fólabrés, sjúkra, fjáröflunar, kaffi og Þorrablótsnefnda
hafa starfað með svipuðu sniði og undanfarin
Í sumar ~~sumar~~ var í fyrsta sinn haldin
skemmtun fyrir börn 17. júní og tókst hún
mjög vel. Óli Valur Hansson ráðanautur
kom í sumar og leiðbeindi konum með
blómarækt o.fl. Sextán skjáplöntur voru í
sumar, gróðursettar í brekkunni á Borðeyri og
má segja að það sé góð byrjun á því svæði
Tíu konur tóku þátt í námskeiði í púða
og lampaskermaþaumi sem Guðfinna Magnúsdóttir
var með í vor á vegum félagsins. Líkaði
þátttakendum mjög vel og hefði námskeiðið
gjarna mátt vera fleiri daga.
Kaffiskúrinn var endurbættur mjög mikið í
sumar, enda var þess orðin full þörf.
Sjúkrahúsinu á Hvammstanga voru gefnar
kr. 100.000,- í tilefni 50 ára afmælis félagsins
og sá stjórnin um að koma þeim peningum
til skila. Einnig var ágrip af sögu félagsins
sent til tímaritsins Húsfreyjan.
Þá er í pöntun borðbúnaður sá, er ákveðið var að
kaupa í sameign með Ungmennafél. Hörpu.
Skýrsla stjórnar: Gjaldkeri Biena Bjarnad.
las upp reikninga félagsins áður endurskoðaða
af Sigríði Jónsd. og Ólöfu Björnsd.
Voru þeir samþykktir án athugasemda.
Hreinn eign félagsins er kr. 232.814,-
Önnur mál: Miklar umræður urðu um kaffisölu
á næsta ári og var verð á fyrsta fundar-
kaffi vera kr. 800,- en eftir það skal kaffinefnd
ákveða kaffiverð hverju sinni.
Kosningar: Varastjórn félagsins var endurkosin,

sömuleiðis endurskoðendur. Ritari félagsins var einnig endurkosin.
Í kaffinefnd voru kosnar þessar konur
Ólöf Björnsd., Sigríður Halldórsd.
Ingibjörg Sigurðard., Jóna Guðmundsd.
Sigfríður Jónsd og Jenna Jónasd.
Í fjáröflunarnefnd voru kosnar þær
Rósa Jensd., Hanna Hannesd., Guðbjörg Haraldsd.
Sigríður Ingólfsd. og Laufey Dagbjartsd.
Í 17. júní nefnd voru kosnar
Sigurrós Sigurðard., Inga Danielsd.,
Margrét Eyðsteinsd., og Guðbjörg Haraldsd.
Sigríður Ingólfsd. Margrét Eyðsteinsdóttir og
Ólöf Björnsd. buðust til að halda saumafundi sem var þegið og þakkað.
Rósa Jensdóttir bauðst til að athuga hvort hægt væri að fá meira af bjáplöntum.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir á fundinum og honum því slitið.

EG.

Fundur haldinn í Kvenfélaginu Iðunn 30. apríl
"78 í Barnaskólanum á Borðeyri.
Mættar voru 13 konur.
Dagskrá fundarins var 1. Fundur settur.
2. Kjósa fulltrúa á aðalfund K.S.S.
3. Lesin bréf sem borist hafa.
4. Önnur mál
5. Innheimt áskriftargjöld Hlífrenjunnar
Formaður setti síðan fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Raddi síðan um veturstarf félagsins sem hefur verið með daufara móti í vetur en venjulega. Kvaðst formaður vonast til að við gerðum betur næsta veturr.
Næst var kosinn fulltrúi á aðalfund K.S.S. sem haldinn verður á Sævangi að þessu sinni. Kosin var Rósa Jensdóttir og til vara Ólöf Björnsdóttir.
Þá voru næst lesin bréf er félaginu hafa borist. Fyrst var lesið bréf frá Kristínu Eyfells, eiganda verzlunarinnar Baldurskrá. Kvaðst hún hafa opnað í húsakynnum verzlunarinnar, að Skólavörðustíg 47, lítið gallerí til kynninga og fólu sýninga á hverskonar list, listiðnaði eða öðrum munum. Gyrði fyrir sýningaraðstöðu verður vægt og geta fleiri en einn aðili

sjnt samdimis. Vendist hún til að þessa mynda hvetja fólk til að gefa fleirum en kunningjum sínum kost á að sjá verk sín
Síðan las formaður upp úr bréfi frá Þóru Magnusdóttir frá Þambárvöllum. Segir Þóra þar að handi hennar sem heldur námskeið á vegum Rauða krossins, sé fáanlegur til að koma og halda námskeið í hjálp í viðlögum, hér í sýslunni í júní. Var ákveðið að fá þennan mann til að halda námskeið hér ef sendist um tíma, og gefa þá öllum íbúum hreppsins kost á þátttöku.
Ómnur mál.
Rósa Jensdóttir spurði hvort einhver námskeið væru fyrirhuguð næsta veturr. Kvaðst hún, í því sambandi, vita um konu sem kenndi að sauma húfur, líffur o. fl. úr skinni. Urðu nokkrar umræður um það.
Þá var og rætt um að reyna að fá Guðfinnu Magnusdóttir aftur með námskeið í hnýtingum eða einhverju öðru.
Kosið var í Sjúkrahúsnefnd og voru þessar konur kosnar Hanna Hannesdóttir, Þorgerður Sigurjónsdóttir og Guðrún Þórarinsdóttir og til vara Laufey Dagbjartsd.
Næst var innheimt ársgjald Ólisfreyjunnar.
Fleiri mál lágu ekki fyrir að þessu sinni og fundi því slitið. E.G.

Fundur haldinn í Kvenfél. Iðunn 3. des. "78 í Barnaskólanum á Bordeyri. Mættar voru 13 konur. Formaður las dagskrá fundarins er var 1. Fundur settur, 2. Lesin bréf, 3. Ómnur mál, 4. Kosið í nefndir (félaðrés og forrablótsnefndir).
Síðan setti formaður fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og kvaðst vonast til að félagsstarfið yrði líflegt í vetur. Þá voru lesin bréf er félaginu hafa borist. Fyrst bréf frá Sýslarsambandi barnda. þar sem segir að í tilefni 30 ára afmælis sambandsins árið 1975 hafi verið ákveðið að 10% af félagsgjöldum barnda verði greitt til kvenfélaga í sveitum. Hefur Sýslarsambandið greitt þetta starfsfé til kvenfélagasambandanna í hverju héraði og falið þeim að ákveða hvernig það verði notað. Ekki eru sett nein skilyrði um notkun fjársins en bent á aukna fræðslustarfsemi og námskeiðahald fyrir húsmæður í sveitum.
Þá var næst lesið bréf frá Rúti Guðjónsdóttir formanni K.S.S. tekur hún þar fyrir eftirfarandi atriði. Verzlunin Þjaff efnir til sníðanamskeiðs tímabilið október til apríl. Hvert námskeið er í 5 daga, 6 klst. á dag og kostar kr. 11.000.- fyrir hvern nemanda, í því verði er innifalið kennslubók öll grunnsnið o. fl. Lágmarks þátttaka er 15 nemendur. Félögin þurfa að leggja til húsnæði fyrir námskeiðið og fæði og húsnæði fyrir kennara.

Þá hefur borist bréf frá Kjósmæðrafélagi Íslands, svo og áskriftarlisti ef einhverjar konur vildu gerast áskrifendur að afmælisriti kjósmæðrafélagsins í tilefni 60 ára afmæli þess á næsta ári, en það var stofnað 2. maí 1919.
Á síðasta sýslunefndarfundi kom fram tillaga um að efna til menningarvöku í sýslunni næsta sumar og beiðni komið um að kvenfél. á Skólmavík sæi um heimilisiðnaðarsýningu í tengslum við þessa menningarvöku. Stjórn K.S.S. fer þess nú á leit við öll kvenfél. sýslunnar að safna munum, unnum af Strandamönnum, handavinnu, sérkennilegum handunnum munum og ~~eð~~ öðru sem á erindi á svona sýningu. Munir þurfa að berast fyrir mæðlok.
Á formannafundi K.Í. var flutt hugleiðing um alþjóðlega barnaárið 1979 og erindið sent þeim er sátu fundinn. Þeir hugur stúdur fylgja kjósrit af því og geta komur fengið eintak af því ef óskað er. Umræður urðu um efni bréfanna en fundarkonur töldu ekki þýða að fá Pfaff námskeiðið því þátttaka yrði tæplega nóg.
Í sambandi við „Ár barnsins" urðu allmiklar umræður og þá viðið að aðstöðu skólabarnanna hér til leikja sem nánast er engin til. Var ákveðið að skora á hreppsnefndina að flýta frágangi á skólalóðinni, girða hana og setja upp leiktæki fyrir börnin. Var skipuð nefnd til að semja tillögu þar að lútandi, og

skilaði nefndin eftirfarandi tillögu.

Borðeyri
10. janúar 1979

Hreppsnefnd Bæjarhrepps
Bæjarhrepp

Í tilefni af því að árið 1979 er alþjóðlegt barnaár viljum við eindregið skora á hreppsnefndina að ganga frá skólalóðinni á árinu.
Til þess að reyna að halda börnunum á skólalóðinni þarf að setja þar leiktæki. Til dæmis mörk og körfuknattleiksspjöld. Einnig vantar róluur, vegasölt, rennibraut og þess háttar.
Á stór-Reykjavíkursvæðinu þekkist ekki að bílaumferð sé leyfð á skólalóðum barnaskóla á skólatíma.
Eitt aðalatriðið hér er því að loka skólalóðinni fyrir allri bílaumferð á skólatíma, því það er mikil slysahætta þegar börnin hlaupa út úr húsinu.
Viðskiptavinir Sparisjóðsins hlýtur að skilja þetta viðhorf og ganga smáspöl. Nauðsynlegt er að girða skólalóðina alla, svo að börnin sjái sín takmörk.

Virðingarfyllst
Kvenfélagið Iðunn

Þá kom fram tillaga um að athuga hvort ekki

vari hægt að koma upp sundlaug í Laugardalnum, þar sem heitt vatn er fyrir hendi hjá Laugarholti.
Var skipuð nefnd til að athuga það mál nánar, í henni eru Rósa Jensdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Laufey Dagbjartsdóttir.
Einnig var rætt um það að gaman væri að fá danskennara hingað í vetur og ákveðið að kynna sér nánar hvort það væri hægt.
Rósa Jensdóttir og Þorgerður Sigurjónsdóttir buðust til að taka saumafundi.
Næst var kosið í jólabrísnefnd og þorrablótsnefnd.
Þessar konur voru kosnar í jólabrísnefnd
Guðrún Jóhannesdóttir, Margrét Eysteinsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Þorgerður Sigurjónsdóttir, Elsa Guðladóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir, til vara eru Inga Daníelsd. Sigurrós Sigurðard. og Guðrún Ólafsd.,
og í þorrablótsnefnd. Viena Bjarnadóttir, Jóna Guðmundsdóttir, Ólöf Björnsdóttir og Guðrún Ólafsd.
til vara Elsa Guðlad.
Fleiri mál lágu ekki fyrir að þessu sinni og fundi slitið.

E.G.

Aðalfundur kvenfélagsins Hörpu haldinn 18-2-1979 í Barnaskólanum á Borðeyri.
Mættar voru 18 konur. Formaður las dagskrá fundarins er var 1. Fundur settur. 2. Skýrsla stjórnar 3. Reikningar skýrðir, 4. Lesið bréf, 5. Önnur mál, 6. Kosningar (formaður, gjaldkeri, varastjórn, endurskoðendur, kaffinefnd, fjáröflunarnefnd og 17. júní nefnd.
Síðan setti formaður fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, fór hún síðan nokkrum orðum um starf félagsins s.l. ár, hefur það verið með svipuðu sniði og undanfarið. Félagsfundir voru 3 og saumafundir einnig 3. Nefndir hafa starfað með svipuðu sniði og undanfarin ár og skilað sínu hlutverki af miklum dugnaði.
Af stórum stjórnar er það að segja að nokkuð hefur verið keypt af borðbúnaði til viðbótar því sem fyrir var. Þá kom beiðni frá Hvammstanga um fjárframlag til kaupa á fæðingarrúmi, sem Lionsklúbburinn þar og fleiri aðilar gengust fyrir að kaupa og gefa sjúkrahúsinu.
Stjórnin ákvað að gefa kr. 100.000,- (Eitt hundrað þúsund) þó fundarsamþykkt legi ekki fyrir, í krausti þess að félagskonur hefðu ekkert við það að athuga. Óskað var eftir að einhver úr félaginu yrði viðstödd er rúmið var afhent í sumar, og mætti ritari þar.
Næst las gjaldkeri upp reikninga félagsins, árið

endurskoðaða af Sigríði Jónsdóttur og Ólöfu Björnsd.
Skuldlaus eign félagsins var í árslok kr. 401.916,-
(Fjögur hundruð og eitt þús. níu hundruð og sextán) Voru
reikningarnir samþykktir athugasemdalaust.
Þá var lesið bréf frá K.Í. Í tilefni hins
alþjóðlega barnaárs vill stjórn K.Í. þar beina
þeim tilmælum til allra kvenfélaga að þau
helgi einn fund í upphafi ársins 1979 málefnum
barna á sínu félagssvæði.
Þar sem þetta mál hefur verið rætt áður á
félagsfundi, þótti ekki ástæða til að halda
sérstakan fund um það.
"Önnur mál. Gjaldkeri félagsins bar fram
þá tillögu að hækka ársgjald félagskvenna.
Var því vel tekið og ákveðið að hækka
ársgjaldið úr kr. 500,- í kr. 2000,-
Ingibjörg Sigurðard. kvaðst geta útvegað félaginu
eldavél í kaffiskúrinn og var það vel þegið.
Kosningar. Guðbjörg Haraldsdóttir var endur-
kosin formaður og Biena Bjarnadóttir
endurkosin gjaldkeri. Í varastjórn voru
þær Anna Sigurðardóttir, Inga Danielsdóttir og
Sigríður Ingólfsdóttir endurkjörnar. Sömuleiðis
voru þær Sigríður Jónsdóttir og Ólöf Björnsdóttir
endurkosnar sem endurskoðendur.
Í kaffinefnd voru kosnar þær
Inga Danielsdóttir, Sigríður Ingólfsdóttir,
Þorgerður Sigurjónsdóttir, Margrét Eyþeinsdóttir,
Sigríður Sveinbjarnardóttir og Guðbjörg Haraldsdóttir.
Í fjáröflunarnefnd voru kosnar
Guðrún Jóhannesdóttir, Elsa Gísladóttir,
Lilja Sigurðardóttir, Jenney Jónasdóttir og Sigurrós Sigurðard.
og í 17. júní nefnd voru kosnar
Hanna Hannesdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir,
Jóna Guðmundsdóttir og Auður Skúladóttir.
Fleira lá ekki fyrir að þessu sinni og fundi því slitið.

E.G.

fundur haldinn í Barnaskólanum á Borðeyri 26. apríl '79. Mættar voru á fundinum 16 konur. Minnst var félagskonu Guðríðar Jóhannesdóttur frá Bakkaseli er andaðist á sjúkrahúsinu á Hvammstanga 3. marz s.l.
Næst las formaður fundargerð ~~(K.S.S.)~~ aðalfundar K.S.S. er haldinn var í Sævangi 29. júní s.l.
Var þessa 30. ~~(tu)~~ aðalfundur sambandsins en það var stofnað á Kirkjubóli.
Á fundinum mættu Sigríður Thorlacius formaður K.Í. og Björg Þinarsdóttir stjórnarformaður í Kvenréttindafélagi Íslands. Flutti þær erindi og svöruðu fyrirspurnum. Í skýrslu orlofsnefndar kom fram að tvær konur úr sýslunni hefðu notið húsmæðraorlofs að Hrafnagili í Eyjafirði s.l. sumar. Dvalarkostnaður varð kr. 31.194,- orlofsnefnd greiddi einnig kr. 8.000,- í ferðakostnað.
Rætt var um að stofna rauðakrossdeild í Strandasýslu. Ragnheiður Lýðsdóttir fyrsti formaður sambandsins var kjörin heiðursfélagi þess.
Guðbjörg Haraldsdóttir formaður sambandsins baðst undan endurkosningu og var Auður Guðjónsdóttir Hólmavík kosin í hennar stað. Gjaldkeri Jóna Þórðardóttir var endurkjörin einnig voru endurkjörnir endurskoðendur reikninga sambandsins og orlofssjóðs, sjó og varastjórn sambandsins. Næsti fundur verður í Tröllatungu í

bodi kvenfélagsins Hörpu.
Þá var lesinn fyrir þriðji liður dagskrárinnar lesin bréf er borist hafa. Fyrst var bréf frá Búnaðarsambandi Strandamanna. Áðurnefnd stjórn B.S.S. að öllu lengur sé ekki vert að bíða með söfnun gagna til byggðasögu Strandasýslu, meðal annars vegna hinna ótu breytinga á búsetu og atvinnuháttum á sambandssvæðinu. Stjórn B.S.S. vill því hvetja öll starfandi félög í sýslunni að skipuleggja undirbúning svipað og gert hefur verið í öðrum héruðum, með það í huga að möguleikar verði síðar á útgáfu verksins. Félagsmenn í hverju og einu félagi eru hvattir til að huga að sögu síns félags og safna hana. Allt efni er vel þegið. Óskað er eftir skriflegu svari frá félögunum fyrir 15. júní n.k.
Umræður urðu um efni bréfsins og ákveðið var að stjórn kvenfélagsins sendi svar fyrir þennan tíma og taki saman sögu félagsins.
Þá var rætt aftur efni bréfs er félaginu barst í vetur, varðandi munasöfnun á heimilisiðnaðarsýningu Lengda menningarvökur er haldin verður á Hólmavík í vor. Tóku konurnar vel í það að lána muni á sýninguna og munu formaður og gjaldkeri veita þeim móttöku og sjá um að koma þeim áleiðis.
Annur mál: Jaðnaðstofan var fyrst til umræðu hefur það mál allotaðar mætt mjög jákvæðum undirtektum. Ákveðið var að félagið keypti

hlutabréf í fyrirtækinu fyrir kr. 200.000,-.
Þá var rætt um að fara í eins dags ferðalag í sumar, eins og félagið hefur gengist fyrir áður var vel tekið í það mál.
Næst var kosið í sjúkrahúsnefnd. Þessar komu voru kosnar, Laufey Dagbjartsdóttir, Anna Sigurðard. Ingibjörg Sigurðardóttir. Til vara Jóna Guðmundsd.
Fulltrúi á aðalfund K.S.S. var kosin Anna Sigurðard. og til vara Sigfríður Jónsdóttir.
Innheimt var ársgjald Húsfreyjunnar.
Fleira var ekki tekið fyrir að þessu sinni og fundi þró slitið. E.G.

16. des. '79 var haldinn fundur í kvenfélaginu Hvönn, var fundurinn að venju haldinn í Barnaskólanum á Borðeyri. Mættar voru 9 konur.
Formaður setti fundinn og las dagskrána fundarins er var. 1. Fundur settur, 2. Lesin bréf. 3. Kosningar (jólatrés og forablótsnefndir), 4. Önnur mál.
Næst var lesið bréf frá Landvernd.
Í því bréfi vill Landvernd hvetja aðildarfélög sín, á hverjum stað til að vinna saman að hreinsunarverkefnum og hvetja til almennar þátttöku í þeim.
Óskilegt væri að fá aðstoð sveitarstjórna með flutningatæki og vinnuvélar ef með þarf.
Einnig hefur verið haft samstarf við heilbrigðisnefndir vegna frágangs á sorpi og rusli, þannig að það fjúki ekki og spilli umhverfi að nýju.
Hreint land, fagurt land er kjörorð hreinsunarvikunnar 1979.
Rætt var um efni bréfsins og ákveðið að lesa það upp aftur á aðalfundi.
Þá var tekinn fyrir þriðji liður á dagskránni, kosningar.
Fyrst var kosið í jólatrésnefnd og voru þessar konur kosnar, Hanna Hannesdóttir. Ólöf Björnsdóttir, Rósa Jensdóttir, Sigurrós Sigurðardóttir.

Biena Bjarnadóttir og Sigfríður Jónsdóttir.
Til vara Guðbjörg Haraldsdóttir og Sigríður Ingólfsdóttir.
Í Þeraðlóðsnefnd voru kosnar Þorgerður Sigurjónsd. Elsa Ísladóttir, Lilja Sigurðardóttir og Guðbjörg Haraldsdóttir og til vara Margrét Eysteinsd.
Önnur mál. Laufey Dagbjartsdóttir og Guðbjörg Haraldsdóttir buðust til að taka saumafundi.
Þá var rætt um að reyna að fá dansnámskeið með svipuðu sniði og í fyrra og var ákveðið að tala við kennaraann sem fenginn var þá og hegna hennar undirtektir.
Umræður urðu um að halda kvöldvöku í vetur, í samvinnu við Ungmennafélagið, yrði sú kvöldvaka allur fyrir alla fjölskyldurna.
Voru þær konur kosnar til að vinna að þessu máli með Ungmennafélaginu ef af yrði, þær Þorgerður Sigurjónsdóttir og Biena Bjarnadóttir.
Ákveðið var að reyna að fá Guðfinnu Magnúsd. til að halda námskeið í útsögun eða hnýtingum þar sem áhugi var mikill hjá fundarkonum fyrir einhverju slíku.
Fleira var ekki tekið fyrir að þessu sinni.
Fundi slitið.

E.G.

Aðalfundur kvenfélagsins Iðunn haldinn á Barnaskólanum á Borðeyri 2-3. 1980.
Mættar voru 17 konur.

Dagskrá fundarins var.

1. Fundur settur. 2. Skýrsla stjórnar 3. Reikningar skýrðir, 4 Önnur mál, 5. Lesin bréf. 6. Kosningar. Ritari, varastjórn, endurskoðendur, kaffinefnd, fjáröflunarnefnd og 17. júní nefnd.
Formaður setti síðan fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og rakti síðan starf félagsins á síðasta ári í stórum dráttum. Haldnir voru fir félagsfundir og fir saumafundir. Nefndir störfuðu með svipuðu sniði og verið hefur, einnig var fenginn danskennari s.l. vetur til að kenna börnum og fullorðnum. Varð það mjög vinsælt og mun þessi sami kennari koma aftur í vetur. Vonast er til að saumastofan geti tekið til starfa í vor og eru þær konur farnar suður á námskeið þar að lútandi. Það eru þær Sigríður Ingólfsdóttir og Inga Daníelsd. Munu þær læra þar vélstjórn og að sníða, ásamt fleiru sem nauðsynlegt er að vita í þessu sambandi.
Síðast liðið vor var safnað munum til sýningar á Hólmavík í sambandi við menningarvikuna. Var það mjög góð sýning og komu þar í ljós margir góðir gripir sem fólk hafði búið til í sínum tómstundum yfir árið.
Næst skýrði gjaldkeri Biena Bjarnadóttir reikninga

félagsins, ádur endurskodada af Ólöfu Björnsd. og Sigfríði Jónsd. Voru reikningarnir samþykktir athugasemdalaust. Skuldlaus eign félagsins er kr. 1.056.981,-

Ennur mál. Ákvedið var ad leggja kr. 500.000,- af þeim peningum sem félagid á inn á vaxtaauka-reikning. Rætt var um sundlaugina sem hugmyndir voru um ad byggja, en engar ákvardanir teknar í því sambandi.

Þá var saumastofan Nálin h.f. til umrædu. Nú er búid ad kaupa fjórar vélar, sækja um lán úr byggda og íbúlánasjódum og farid er ad safna hlutafé. Samþykkt var ad félagid keypti hlutabréf fyrir kr. 200.000,- til vidbótar því sem ádur hafdi verid ákvedid ad leggja fram.

Ákvedid var ad kaupa stóra sjálfvirka kaffitönnu þar sem félagid þarf mjög á slíku tæki ad halda í sambandi vid kaffisölu.

Samþykkt var ad gefa því fólki sem vinnur í þorrablótsnefnd og ad skemmtiatridum, helmings afslátt á adgöngumida á Þorrablót.

Lesid var bréf frá K.Í. þar segir ad nefnd sú er kosin var á landsþingi s.l. vor, til ad fjalla um fjármál K.Í. ætli þess ad ad sjónin skrifi öllum samband og félagsformönnum innan K.Í. til ad leita eftir hugmyndum og tillögum adildarfélaga, um hvernig helst beri ad afla tekna til ad tryggja rekstrargrundvöll sambandsins.

Fram til þessa hefur K.Í. eingöngu verid rekid fyrir ríkisstyrk, en þar sem verdgildi hans hefur farid ~~(hraðminnk~~ hraðminnkandi er sýnt ad hann hrekkur ekki til ad halda starfseminni í horfinu. Engu ádidi var skilad um efni bréfsins ad þessu sinni, en fyrirhugad ad ræda það á næsta fundi.

Kosningar. Elsa Gíslad. gaf ekki kost á sér áfram sem ritari og var Lilja Sigurdard. kosin í hennar stad.

Varastjórn var endurkjörin svo og endurskodendur.

Í kaffinefnd voru kosnar þær Hanna Hannesdóttir, Laufey Dagbjartsdóttir og Birna Bjarnadóttir.

Margrét Eysteinsdóttir, Rósa Jensdóttir og Jóna Gudmundsd.

Í fjáröflunarnefnd voru kosnar

Sigfríður Jónsdóttir, Ólöf Björnsdóttir, Rósa Jensdóttir, Inga Danielsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir.

Til vara Anna Sigurdardóttir.

Kosningu 17. júní nefndar var frestad til næsta fundar.

Fleira var ekki tekid fyrir ad þessu sinni.

Fundi slitid.

E.G.

Fundur kvenfélagsins Iðunnar haldinn í barnaskólanum Borðeyri 7. maí 1980.

Mættar voru 10 konur.

Formaður setti fundinn og las dagskrána, sem var eftirfarandi: 1. Fundur settur. 2. Lesin fundargerð K. S. S. 3. Lesin bréf. 4. Önnur mál. 5. Kosningar: Fulltrúi á aðalfund K. S. S., 17. júní nefnd og sjúkrahúsnefnd. 6. Innheimta áskriftargjald „Húsfreyjunnar."

Formaður las síðan fundargerð ~~K. S. S.~~ aðalfundar K. S. S. sem haldinn var í barnaskólanum á Broddanesi 5/5 '79, í boði kvenfélagsins Hörpu Kollafirði: Ritari fundarins var Sigríður Haraldsdóttir. — — —

Einn af stofnendum sambandsins sat fundinn: Anna Sigurðardóttir. Ákveðið var að færa fyrsta formanni sambandsins Ragnheiði Ljósdóttur Kirkjubóli heiðursskjal á 30 ára afmælisdegi sambandsins 21. ágúst.

Í skýrslu orlofsnefndar kom fram að 5 konur úr sýslunni höfðu notið orlofsdvalar að Laugum í Þingeyjarsýslu. Sú breyting er nú á orðin að greiðslum hreppa í orlofssjóð að í stað kr. 50 á konu er nú kr. 100 á íbúa. Orlofsnefnd var falið að kanna undirtektir þess að farið yrði í sameiginlega ferð úr allri sýslunni í stað orlofsdvalar. Sigríður Haraldsdóttir tók síðan til máls, ~~en~~ dalverindi hennar fjallaði um rétt mataræði, sem er undirstaða vaxtar og heilsu. Hvatti hún til notkunar grófs brauðs, grænmetis, ávaxta og mjólkur. Einnig ræddi Sigríður vandamál verslunar í dreifbýli, en hún á sæti nefnd þeirri sem fjalla á um úrbætur í málum þeirra. Hvatti Sigríður konur til að reyna að hafa meiri áhrif á vöruval og mynda meiri tengsl milli heimilis og verslunar.

Í sambandi við barnaárið, var samþykkt að gefa 25.000,- kr. í söfnunina „Bjargið frá blindu." Einnig var rætt um hið óhóflega vinnuálag á börn, 10 ára og eldri, í skólum landsins og stjórn K. S. S. falið að semja og senda tillögu til K. Í. Í. um að minnka þurfi vinnuálag skólabarna.

Fulltrúi á sambandsþing var kosin Ásdís Jónsdóttir Steinadal og til vara Ásta Kristjánsdóttir Klúkusum.

Ritari var endurkjörinn Sigrún Jónsdóttir Drangsnesi.

Næsti fundur K. S. S. verður í Haldranaresskreppi í boði kvenfélagsins Snótar. — — — — — — —

Þá var tekinn fyrir 3. liður dagskrárinnar: Lesin bréf sem kvenfélaginu höfðu borist. Fyrst las formaður bréf frá framkvæmdanefnd um undirbúning að ritun byggðasögu Strandasýslu og var efni þess í aðalatriðum eftirfarandi: Búnaðarsamband Strandasýslu boðaði til fundar að Hólmavík 23. apríl sl. Þar voru mættir 17 fulltrúar. Ákveðið var að Búnaðarfélög í hverjum hreppi söfnuðu gögnum hvert á sínu svæði. Áhugi var mikill á þessu máli og hafa sum félög þegar hafið undirbúning að ritun sinnar sögu. Framkvæmdanefnd var kosin á fundinum og í hana voru kosnir þeir Ingimundur Ingimundarson Svanshóli, Jón G. Jónsson Steinadal og Brynjólfur Sæmundsson Hólmavík. Nefnin hefur síðan skipt með

sér stöðum og er Ingimundur formaður, Jón gjaldkeri og Brynjólfur ritari. Næsta skref nefndar þessarar verður boðun fundar, þar sem myndud verður ritnefnd eða ráðinn ritari og málinu öllu komið í fastara form.
Á fundi þessum á Hólmavík mættu héðan úr Bæjarhreppi Guðbjörg Haraldsdóttir, Jósep Rósinkarsson og Jón Georg Jónsson.

Næst var lesið bréf frá Hvammstangadeild Rauðakross Íslands, en samskonar bréf höfðu verið send til margra félaga og fyrirtækja, þar var þess óskað að félögin létu eitthvað af hendi rakna til kaupa á nýjum sjúkrabíl, en áætlað verð hans er um 8 milljónir króna.
Ákveðið var að kvenfélagið gæfi kr. 100 þúsund.
Innur mál: Anna Sigurðardóttir minntist á bréf K.Í. sem lesið var á síðasta fundi og las formaður hluta þess aftur, þar sem minnst var á tillögur um greiðslu félaga eða héraðssambanda til K.Í. Nokkrar umræður urðu um málið en engar ákvarðanir teknar.
Rætt var um verð á fundarkaffi. Sl. ár var kaffi með smurðu brauði selt á 1200,- kr. en 1500,- kr. ef það var bæði með smurðu brauði og rjómapönnukökum. Kaffinefnd var falið að ákveða verð á næsta ári.
Jenney Jónasdóttir spurðist fyrir um hvað kvenfélagið hyggðist gera á ári barnsins. Ákveðið var tilnefna nokkrar konur til að hafa frumkvæði um að koma upp gróðurreit félagsins og var Brekkan hér á Borðeyri nefnd í því sambandi. Tilnefndar voru: Jenney Jónasdóttir, Sigríður Ingólfsdóttir, Rósa Jensdóttir og Lilja Sigurðardóttir.
Kosningar: Sigríður Ingólfsdóttir var kosin fulltrúi á aðalfund K.S.S.
Í 17. júní nefnd voru kosnar: Ólöf Björnsdóttir, Guðrún Jóhannesdóttir, Inga Danielsdóttir og Birna Bjarnardóttir. Til vara Rósa Jensdóttir.
Frestað var að kjósa sjúkrahúsnefnd.
Innheimt áskriflagjald Húsfreyjunnar.
Fleiri mál lágu ekki fyrir.
Fundargerð lesin og samþykkt.
Fundi slitið

Lilja Sigurðardóttir

Fundur boðaður 19. des. 1980; en fell niður vegna ónógrar fundarsóknar.
Stjórn skipaði eftirtaldar konur í jólabrésskemmtinefnd:
Inga Danielsdóttur
Anna Sigurðardóttur
Ingibjörgu E. Sigurðardóttur
Laufeyju Dagbjartsdóttur
Sigríði Halldórsdóttur
Lilju Sigurðardóttur.

Fundur haldinn í barnaskólanum Borðeyri

11. janúar 1931.

Mættar voru 15 konur. Varaformaður Anna Sigurðardóttir setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og þá sérstaklega Önnu Rögnvaldsdóttur, sem nú gekk í félagið.
Síðan las hún dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:
1. Ávarp 2. lesin bréf, sem borist hafa,
3. kosið í Þorrablótsnefnd, 4. önnur mál.
Anna Sigurðardóttir flutti ávarp. Óskaði hún félagskonum gleðilegs árs og þakkaði allt gamalt og gott.
Tók hún fram að fundur þessi væri ekki aðalfundur eins og venja var um fyrsta fund ársins.
Næst minntist hún fráfarandi formanns Guðbjargar Haraldsdóttur og kvað mikinn missi að henni frá félagsstarfinu, þar sem hún hefði alltaf verið boðin og búin til hjálpar og annars, sem gera þurfti.
Tók Anna fram að mikil þörf væri á góðum félagsanda eins og ríkt hefur í félaginu.
Þá las Anna bréf frá formanni Guðbjörgu Haraldsdóttur, þar sem hún sagði sig úr Kvenfélaginu Iðunni og þar með frá formannsstarfinu. Kvaðst hún hafa ætlað að kveðja félagskonur á fundi þeim, sem hún boðaði til 19. des. sl., en sá fundur fell niður. Þakkaði hún ánægjulegt samstarf og óskaði félaginu og félagskonum persónuleiga, margra ávangursríkra starfsára og hvatti þar til að framfylgja jafnréttishugsjónunni, með því að standa jafnfætis öðrum mönnum.

Síðan las Anna, annað bréf frá Guðbjörgu Haraldsdóttur: Sagðist hún, ~~þar~~ vegna beiðni, ritnefndar um Byggðasögu Strandasýslu, vera búin að taka saman ágrip af sögu Kvenfélagsins Iðunnar og myndi koma því til Búnaðarfélags Bæjarhrepps. Tók hún fram á að myndir af Ásu Theódórs, Ingibjörgu Finnsdóttur og Önnu Sigurðardóttur yrðu einnig sendar Búnaðarfélaginu, í sambandi við sögu kvenfélagsins.
Lesið var ljósrit af bréfi Lúðs Björnssonar ritstjóra Byggðasögu Strandasýslu, til Ingimundar á Svanshóli, þar sem hann gaf nokkrar áberdingar um rekin sögu félaga. Hafði Guðbjörg Haraldsdóttir ~~haft~~ hliðsjón af þessu bréfi, þegar hún ritaði sögu Iðunnar.
Næst var lesið bréf frá Hjörnsveitinni Ási, þar sem hún bauð fram þjónustu sína. Sagðist hún vera tilbúin í nánast hvað sem væri. Formaður hjörnsveitar þessarar er Hafsteinn nokkur Snæland og er hann búsettur í Vogum suður. Sími hjörnsveitarinnar er
Þá var lekið fyrir þriðja mál fundarins: Kosningar.
Þessar konur voru kosnar í Þorrablótsnefnd:
Sigríður Ingólfsdóttir, Sigurrós Sigurðardóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir og Margrét Eyjólfsdóttir
Til vara Rósa Jensdóttir og Hanna Hannesdóttir
Önnur mál: Rósa Jensdóttir vakti máls á sundlaugarbyggingunni og las úrdrátt þess sem nefndin hefur gert í því máli. Samþykkt var að stjórn kvenfélagsins ~~ritaði~~ sendi stjórn ungmennafélagsins bréf. Anna Sigurðardóttir gerði uppkast af þessu bréfi og fer það hér á eftir: →

Ungmennafélagið Harpa Bæjarhreppi.

Fundur haldinn 11. jan. 1981, óskar eftir svari, fyrir aðalfund Faxmar, frá ungmennafélaginu Hörpu, um hvort félagið vilji taka þátt í sundlaugarbyggingu í Laugarmýri Borðeyrarbæjarlandi.

F.h. kvenfélagsins Faxmar

Anna Sigurðardóttir

Birna Bjarnardóttir

Lilja Sigurðardóttir

Kvenfélagið sendi einnig ungmennafélaginu Hörpu fyrirspurn eftir, í ~~innrætt~~ af því sem sundlaugarnefnd hefur gert ~~og kannað~~ í þessu sambandi:

— — — —

Kvenfélagið skipaði nefnd þriggja kvenna til að kanna hvort grundvöllur væri fyrir byggingu sundlaugar ~~á~~ við Borðeyri.

Ríkið á vatnsréttinn en landbúendur þurfa að samþykkja ef byggt verður í landi Borðeyrarbæjar.

Búendur Borðeyrarbæjarlands: Pálmi og Ingvi hafa fyrir sitt leyti samþykkt nýtingu heita vatnsins til sundlaugar.

Hreppsnefnd verður að samþykkja nýtinguna heita vatnsins, vegna þess að hún lagði fram fé til borunarinnar.

Hreppsnefnd hefur fyrir sitt leyti samþykkt að nýta mætti heita vatnið til sundlaugar. Oddvitinn var mjög hlynntur þessu máli.

Landbúnaðarráðherra, sem þá var, Steingrímur Hermannsson var mjög hlynntur þessu máli. Hreppsnefnd er búin að senda landbúnaðarráðherra bréf, þar sem hún gefur, fyrir sitt leyti leyfi til nýtingar heita vatnsins.

Haft var samband við Svavar Jónatansson verkfræðing og kom hann við er hann átti leið um og lit á staðinn og leist nokkuð vel á aðstæður. Gerði hann bráðabirgðateikningu og lauslega kostnaðaráætlun um steypta laug. Við könnun nefndarinnar kom fram að plastlaugar væru ~~of~~ dýrar.

— — — — —

Rósa Jensdóttir kom fram með þá tillögu að gera Hólu og Jónu Pétursdætur að heiðursfélögum kvenfélagsins. Tóku fundar konur því mjög vel og var það ákveðið. Rósa Jensdóttir lók að sér að útvega og líta ganga frá Heiðursskjölunum, þegar hún fari suður í febrúar.

Samþykkt var að senda Guðbjörgu Haraldsdóttur, þrítugandi formanni, þakkarbréf fyrir störf hennar í þágu félagsins, en það látið bíða aðalfundar.

Eftirtaldar konur buðust til að taka að sér saumafundi: Jóna Guðmundsdóttir, Anna Sigurðardóttir Sigurrós Sigurðardóttir og Sigfríður Jónsdóttir.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Aðalfundur kvenfélagsins Iðunnar
haldinn í barnaskólanum Borðeyri 8/3 1981.

15 konur mættu.

Formaður: Anna Sigurðardóttir setti fundinn og las dagskrána, sem var eftirfarandi:

1. Lesin fundargerð K. S. S. og bréf, sem borist hafa.
2. Reikningar félagsins (áður endurskoðaðir).
3. Önnur mál.
4. Kosningar (formaður, gjaldkeri, varastjórn, endurskoðendur, kaffinefnd, fjáröflunarnefnd og sjúkrahússnefnd.

Þakkaði Anna síðan, fyrir hönd félagsins, ~~öllum~~ félagskonum innu í þágu félagsins og allan stuðning við það og kvaðst vonast til að við myndum halda áfram að gera hag þess sem bestan og liflegastan.

— — — — — — — —

Þá las Anna fundargerð ~~K. S~~ aðalfundar K. S. S. haldinum á Drangsnesi 10 maí sl. Gestur þess fundar var María Pétursdóttir formaður K. Í. Á fundi þessum kom fram að formannafundur K. Í haldinn 17 og 18 apríl. skoraði á Alþingi og ríkisstjórn að fæðingarorlof yrði greitt frá Tryggingastofnun Ríkisins, einnig að K. Í yrði veittur fjárstyrkur til efling á ráðgjöf í neytendamálum og hússtjórn.

María Pétursdóttir ræddi um 50 ára afmælishóf K. Í. og hvað þrjár konur hafa verið gerðar að heiðursfélögum þess.

Þær Sigríði Þorlaksíus ritstj. Ragnheiði Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmann og Helgu Magnúsdóttur frá Blikastöðum María ræddi einnig um rekstur Hallveigarstaða og sagði, að þessa ár, hefði ~~hann í fyrsta~~ starfsemin þar, í fyrsta skipti skilað hagnaði, en hann væri að líkindum allur í viðgerðir.

Eins dags orlofsferð, úr sýslunni, var farin á s. l. sumri.

Orlofsnefnd bar fram þá tillögu til fundarins að hækka ársgjaldið til orlofssjóðs úr kr. 100,- í kr. 500,- Tillagan var samþykkt.

Nokkuð var rætt um tillögu frá fjárhagsnefnd K. Í. þar sem hún leggur til að hvert héraðssamband, innan K. Í., greiði ársgjald til K. Í., sem nemur 1/3 hluta félagsgjalda hvers sambands.

Var tillaga þessi einróma samþykkt.

Hitað var á líðs Maríu og annarra fundarkvenna, hvað þeim finnst um námsskeiðsstyrki til utanfélagskvenna, voru þar allar samþykkar því að utanfélagskonur fengju enga námsskeiðsstyrki, hvorki frá kvenfélögunum né K. S. S.

Samþykkt var að K. S. S. gæfi K. Í. 25.000,- kr. á 50 ára afmælinu.

Formaður K. S. S. var kjörinn Ingríður Benediktsdóttir Hólmavík, gjaldkeri var endurkjörinn Jóna Þórðardóttir Felli. Varastjórn var kjörin Jenny Jensdóttir formaður Ragnheiður Runólfsdóttir ritari, Katrín Sigurðard. gjaldkeri.

Í orlofsnefnd voru kosnar þær Sigríður Ingólfsdóttir Borðeyri og Ásta Kristjánsd. Hlöðhúsum. Til vara Herselía Þórðardóttir og Sólveig Jónsdóttir.

Jóna Þórðardóttir var kosin sem fulltrúi K. S. S. á kvennaþing vegna byggðasögu Strandasýslu. Næsti fundur verður í Ósparkaupfélagi.

— — — — — — — —

Því næst las formaður bréf frá K. S. S. dags. 21. febr. 1981 en efni þess er á þá leið, að K. S. S. hefði rætt um það á ársfundi sl. vor, að kanna möguleika á því að koma á stuttum námskeiðum í sýslunni. Nú hefur tekist að fá

húsmæðrakennara Ingigerði Guðjónsdóttur, til að koma með sýnikennslu, 2–3 kvöld á hverjum stað. Mun hún koma til Hólmavíkur 10. marz nk. Í Árneshreppi mun hún reyna að koma síðar í vor, þegar vegir eru orðnir færir. Hún verður með ýmsa fljótlega smáréttí. Þerna notkun á grillofnum, minútugrilli og djúpsteikingarpottum. Einnig kennir hún borðskreytingar o. fl. eftir óskum.
Rætt var um efni bréfsins og samþykkt að reyna að fá húsmæðrakennarann hingað í hreppinn
Næst voru tekin fyrir önnur mál. Anna Sigurðardóttir minntist á sundlaugarmálið og kvað ekki vera komið svar frá Ungmennafélaginu Hörpu um hvort það vildi vera þátttakandi í byggingu hennar. En ekki er búið að halda aðalfund Ungmennafélagsins. Ákveðið var að senda ítrekun til umf. Hörpu og einnig bréf til hreppsnefndarinnar út af sama máli. Sandi Anna Sigurðardóttir bréfin og las upp. Fara þau hér á eftir:

Ungmennafélagið Harpa

Vegna þess að ekkert svar er komið frá ykkur við bréfi okkar, sem kvenfélagið Iðunn sendi Hörpu 11. jan. og óskaði eftir svari við, fyrir okkar aðalfund, áréttum við að fá svar sem fyrst.

Virðingarfyllst.

Stjórn kvenfélagsins Iðunnar.

Til Hreppsnefndar Bæjarhrepps.

Aðalfundur kvenfélagsins Iðunnar, hefur ákveðið að senda ykkur bréf til að fá að vita hvert álit hreppsnefndarinnar og helst hreppsbúa, er um að byggja sundlaug í Laugar-dalnum. Áhugi er einróma hjá okkur kvenfélagskonum fyrir sundlaugarbyggingunni. Og ef okkar félag, Ungmennafélagið og hreppurinn hafa áhuga, vonumst við eftir að takast mætti að koma sundlaugarbyggingunni í framkvæmd. Okkar hugmynd að að hreppsbúar muni styðja að þessu verki og að gefið yrði eitt-hvað af dagsverkum.

Virðingarfyllst

Stjórn kvenfélagsins Iðunnar.

Þá var lesið bréf, sem Anna Sigurðardóttir hafði, fyrir hönd kven-félagsins, ritað Guðbjörgu Haraldsdóttur fyrrverandi formanni og fer það hér á eftir.

Borðeyri 8/3 1981. Kæra Stella!

Við þökkum þér innilega öll störf þín fyrir kvenfélagið og allar ánægjustundir sem við höfum átt á heimili ykkar hjónanna. Þökkum bréfið frá þér og biðjum þig að virða okkur það til vorkunnar þó við mættum svo fáar á síðasta fundi, sem þú hafðir, því fundarkvöldið var norðan rok og hríðar-veður út í sveitinni.

Við erum minna á aðalfundi félagsins og sendum þér beztu kveðjur og þakkir. Kærar kveðjur til manns þíns og barna og óskir um að ykkur líði allsaf sem bezt.

F. h. kvenfélagsins Iðunnar

Anna Sigurðardóttir

Því næst las og lagði fram gjaldkeri Birna Bjarnardóttir fram reikninga félagsins, sem áður höfðu verið endurskoðaðir af Ólöfu Björnsdóttur og Sigfríði Jónsdóttur. Voru þeir samþykktir óbreyttir. Skuldlaus eign félagsins var í árslok 1.645.608,00 kr.
Kinnst var á geymslurandráði kvenfélagsins vegna búsáhalda og

annarra ~~klúbs eigna þess.~~ E klúbs, sem það hefur eignast.
Engin niðurstaða fékkst á því efni að sinni.

Rætt var um skjálund kvenfélagsins. Ákveðið var að sjá til hvernig plöntunum, sem gróðursettar voru í fyrravor reyddi af. Samþykkt var að hækka ársgjald félagsins úr 20,- í 30,- nkr. Já var komið að kosningum. Fyrst var formaður kosinn, og varð Laufey Dagbjartsdóttir klúbskörpust í þeirri kosningu. Anna Sigurðardóttir gáf ekki kost á sér í formannsstarfið, en samþykkti að vera varaformaður áfram.
Birna Bjarnardóttir var einróma endurkjörin gjaldkeri.
Varastjórn: þær Sigríður Ingólfsdóttir og Inga Danielsdóttir samþykktu að gegna starfinu áfram, einnig endurskoðendur: ~~þær~~ Ólöf Björnsdóttir og Sigfríður Jónsdóttir.

Í kaffisölunefnd voru kosnar: 1981 – 1982
Sigurrós Sigurðardóttir
Guðrún Jóhannesdóttir
Anna Rögnvaldsdóttir
vara: Elsa Gísladóttir
Sigfríður Jónsdóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir

Í fjáröflunarnefnd: Þorgerður Sigurjónsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir
Sigríður Ingólfsdóttir
Lilja Sigurðardóttir
Birna Bjarnardóttir
vara: Ingibjörg Sigurðardóttir

Í sjúkrakúsnefnd: Rósa Jensdóttir
Jóna Guðmundsdóttir
Sigríður Sveinbjörnsdóttir
vara: Birna Bjarnardóttir.

Ákveðið var að hver kona kæmi með kaffibrauð fyrir sig, á fundi félagsins, eins og verið hefur en hellt yrði upp á kaffikönnuna á fundarstað. Ársgjald kvenfélagsins var hækkað upp í 30,00 kr.
Fleiri mál lágu ekki fyrir.
Fundargerð lesin og samþykkt.
Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Fundur kvenfélagsins Freyjur, haldinn í barnaskólanum á Borðeyri 5. apríl 1981.

Fundinn sóttu 10 konur.

Formaður: Laufey Dagbjartsdóttir setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og flutti nokkur orð.

Síðan las hún dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:

1. Ýmis mál.
2. Kosningar (fulltrúi á fund K.S.S.) 17. júní nefnd.
3. Innheimta ársgjald Húsfreyjunnar.

Formaður spurðist fyrir um, hvort félagskonum ~~findis~~ finndist ekki nauðsynlegt að fá smíðaðan skáp undir leirtau og fleiri muni kvenfélagsins, ef pláss, fyrir hann, fengist hér í barnaskólanum. Fékk það mál jákvæðar undirtektir og var kaffinefnd falið að ~~annast það~~ reyna að hrinda því í framkvæmd.

Laufey fór einnig fram á að kvenfélagið keypti töskur undir skjöl félagsins, en heppilegar skjalatöskur fást hér í kaupfélaginu. Var það samþykkt.

Minnst var á námskeið í matreiðslu, sem halda átti í mars, en fell niður vegna ótíðar og ófærðar. Ákveðið var að kynna sér hvort hægt væri að koma námskeiðinu á í vor, en húsmæðrakennarinn hafði haft góð orð um að hafa námskeið í Árneshreppnum þá, t.d. eftir sauðburð.

Þá var komið að kosningum.

Sigríður Jónsdóttir var kjörin fulltrúi á aðalfund K.S.S. og til vara Ólöf Björnsdóttir.

Ákveðið var að fella niður 17. júní skemmtun í ár.

Rætt var um hvort kvenfélagið gæti ekki gengist fyrir sameiginlegu eins dags ferðalagi úr sveitinni nk. sumar og ferðanefnd, sem kosin var fyrir nokkrum árum, falið að athuga það.

Ákveðið var að skjánefnd, sem tilnefnd var sl. vor, skyldi starfa áfram næsta sumar og fylgjast með, og annast þar plöntur sem gróðurseddar voru á síðasta sumri.

Þri næst las formaður ágrip af sögu kvenfélagsins Freyjur, samið af Guðbjörgu Haraldsdóttur, vegna Byggðasögu Strandasýslu.

Síðan var innheymt áskriftagjald Húsfreyjunnar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir. Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Fundur kvenfélagsins Baumar haldinn í barnaskólanum Borðeyri 7. sept. 1981.

Fundinn sóttu 13 konur

Formaður setti fundinn og las dagskrána, sem var eftirfarandi:

1. Málefni saumastofunnar Spólumar hf.
2. Kosning umboðsmanns á klúbbhafafundi Spólumar hf.
3. Lesið og rætt um bréf frá samtökunum „Vernd."

Ólöf skýrði var staða saumastofunnar Spólumar hf. þar kom fram að útistandandi skuldir hennar nema um 80 til 90 þúsund krónum. Rætt var um hvort kvenfélagið ætti að greiða atkvæði með eða móti hækkun hlutafjár á væntanlegum hluthafafundi hennar. Samþykkt var, samhljóða, að greiða atkvæði með hækkunnni. Laufeyju Dagbjartsdóttur var einróma veitt umboð til að ~~greiða atkvæði~~ mæta fyrir kvenfélagsins hönd, á hluthafafundum Spólumar.

Ákveðið var að kvenfélagið keypti hlutabréf fyrir 2.000,- kr. ef af hlutafjárhækkun yrði.

Því næst las formaður bréf, sem kvenfélaginu hafði borist frá félagasamtökunum „Vernd." En samtökin vinna að því að bæta félagslega þjónustu við fanga og fjölskyldur þeirra. Það vekur nú heimili að Ránargötu 10 og bíða þar nú 7 fyrrverandi fangar. Verið er að ljúka frágangi hins nýja heimilis að Skólavörðustíg 13d og verður þar heimili fyrir tíu fyrrverandi fanga. Samtökin minntust, í bréfi sínu, á fatasöfnunin félagsins að Ránargötu 10 en stöðugt er þörf á nýlegum hreinum fatnaði. Einnig sagðist félagið vera að ræða varanlegt heimili fyrir konur, sem sæta misþyrmingum og stofnun sjúkrastöðva fyrir geðsjúka fanga.

Með bréfi sínu til kvenfélagsins eru samtökin að fara fram á aðstoð félagsins við samtökin og sendu í því skyni útfylltan gíróseðil. Framlag félagsins myndi skoðast sem árstillag 1981 en því fylgir ársskrift að tímariti Verndar, sem væntanlega kemur út 5 til 6 sinnum á ári. Félagsgjald Verndar er 70,- kr. á ári. Ákvörðun um hvort kvenfélagið láti eitthvað af hendi rakna, til þessa málefnis, var látin bíða næsta fundar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Fundur haldinn í kvennfélagi Dúnu
22-11-1981 í Barnaskólanum Borðeyri.
Formaður Laufey Dagbjartsdóttir setti
fundinn, og bauð fundarkonur velkomnar
til fundar. Tilnefndi hún fundarstjóra
Sigríði Jónsdóttur.
Mættar voru 12. konur. Því næst las
formaður dagskrá fundarins.
1 Bréf sem borist hafa frá síðasta fundi.
2. Önnur mál.
3. Ákvörðunar.
Fyrst las formaður bréf, sem bárust, frá
ungmannafelaginu Stöðu og kreppsnefnd
Bæjarhrepps. Þorsteinn Eðvarðsson.
Þar sem kvennfélagið, var beðið að skrifa
þessum félögum, eins og áður er getið, her
á síðasta aðalfundi K.S., um sundlaugar-
byggingunna, sem þá var mikið til umræðu.
Þessi félög lýsa sig bæði samþykk því, að
taka þátt í samstarfi. við nefnd K.S.
sem Rósa Jensdóttir er formaður fyrir. Og
þau hafa tilnefnd 2. menn frá hvoru
felagi til samstarfs, að vinna að þessu máli
Það sem orðið er langt síðan að þetta mál
var rætt fyrst á fundi, og gerð athugun
á því, hefur dýrtíðin mikið hækkað og
margt breiðst, sagði Rósa Jensdóttir, að það yrði að
athugast að nýju
Einnig las formaður kafla úr bréfi frá Birnu Bjarnard
það sem hún er nú flutt úr byggðalaginu og þar
með sagt sig úr felaginu. Hefur hún gengt gjaldkera-
starfinu í nokkur ár, að einu undanskyldu, sitan
hún gekk í felagið. Þakkar felagið henni fyrir vel
unnin störf í þágu felagsins. Hafa þá tvær
felagskonur flutst í burtu á árinu, og er það
miður
Umræður urðu um styrktarsjóð barnaðra og fatlaðra
í Strandasýslu, það sem er liðið vitað um þennan
sjóð, fyr en nú, ákvað fundurinn að gefa 500 kr.
í sjóðinn
Haldið var námskeið í matreiðslu dagana
10-11 nóv. 1981 var það vel sótt. gaf felagið
konum úr Staðarhreppi, og utanfélagskonum
her heima kost á að sækja þetta námskeið,
voru konur mjög ánægðar með þessa tilbreiðingu
una. Það var Ingigerður Guðjónsdóttir skólastjóri
sem var kennari á þessu námskeiði, og óskaði
hún eftir að fá bók með öllum réttum, sem
hægt vari að ná til, sem tókum þátt í námskeiðinu
Samþykkti fundurinn að kaupa gestabók, og
senda henni.
Rætt var um saumafundi felagsins, buðu
þessar konur fundarplass Ingiríður Daníelsdóttir

Guðrún Ólafsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir.
Þar næst bar formaður Laufey Dagbjartsdóttir
fram tillögu þess efnis að breita matti kögur
jólatrésskemmtunar, að draga matti úr veitingum
og einnig að koma meira formi á sjálfa
skemmtunina. var nefndinni falið að hanna
þetta mál í samráði við stjórn K.F.
Þar næst var gengið til kostninga
Fyrst var kosið í jólatreskemmtinefnd.
þessar hlutu kostningu

Margrét Eysteinsdóttir
Rósa Jensdóttir
Hanna Hannesdóttir
Anna Inga Rögnvaldsd.
Elsa Gísladóttir
Þorgerður Sigurjónsd.
til vara
Fóna Guðmundsd.
Guðrún Ólafsdóttir
Þar næst var kosið í þorrablótsnefnd.
Sigríður Jónsdóttir
Rósa Jensdóttir
Ingiríður Danelsdóttir
Ólöf Björnsdóttir
til var
Anna Inga Rögnvaldsd. og Fóna Guðmundsd.

Fleira ekki á dagskrá fundargerðin
lesin og samþykkt., þar með þakkaði
formaður, fundarkonum komuna og
fundarsetu, og sagði fundi slitið

vararitari Sigríður Ingólfsdóttir

Aðalfundur Kvenfélagsins Ósk, haldinn á Borðeyri, hjá Ingu Danielsdóttur 28. febr. 1982

Fundinn sóttu 15 konur.

Formaður Laufey Dagbjartsdóttir setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og tilnefndi Sigríði Jónsdóttur fundarstjóra. Sigríður las síðan dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi.

1. Félagsmál
2. Reikningar félagsins
3. Kosning: Ritara og varastjórn. Kaffinefnd og sjúkrahússnefnd
4. Önnur mál
5. Bréf sem borist hafa.

Því næst flutti formaður ávarp og sagði félagsstarfið á næstliðnu ári hafa verið með svipuðu sniði og árin áður. Kvað hún hag félagsins góðan og þakkaði það hinu óeigingjarna starfi félagskvenna og velvild sveitunga í garð félagsins.

Félagið var þess heiðurs aðnjótandi sl. sumar að leggja sitt af mörkum við móttöku forseta Íslands: Vigdísar Finnbogadóttur, er hún kom til Borðeyrar, í opinberri heimsókn sinni í Strandasýslu. Farði formaður þeim konum, sem við móttökuna unnu, innilegar þakkir fyrir hönd félagsins.

Á síðastliðnu ári fluttu tvær félagskonur úr sveitinni: Guðbjörg Haraldsdóttir rétt eftir áramót og Birna Bjarnardóttir í ágúst. Kvað formaður mikinn missi fyrir félagið að báðum þessum konum.

Síðan minntist formaður, heiðursfélaga kvenfélagsins: Jóninu Pétursdóttur, sem lést á síðastliðnu ári, en hún hafði verið meðal hinna fyrstu sem gengu í félagið þegar það var endurreist og alla tíð unnið óeigingjarnt starf í þágu ~~félagsins~~ þess.

Þá las Inga Danielsdóttir reikninga félagsins og voru þeir samþykktir óbreyttir. Skuldlaus eign félagsins var um áramót 25.366,66. Þá var komið að kosningum. Formaður bar það undir fundinn, hvort ekki ætti að kjósa gjaldkera til ~~næsta~~ eins árs, þar sem Inga Danielsdóttir vildi losna úr starfinu, og var það samþykkt.

Kosin var Rósa Jensdóttir. Inga hafði, sem varamaður, tekið við gjaldkerastarfinu af Birnu Bjarnadóttur.

Lilja Sigurðardóttir var endurkosin ritari.

Í varastjórn voru þessar konur kosnar:

Anna Sigurðardóttir 12 atkvæði
Sigríður Jónsdóttir 8 —"—
Sigurrós J. Sigurðardóttir 6 —"—

Í kaffinefnd voru kosnar:

Hanna Hannesdóttir
Þorgerður Sigurjónsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir
til vara Ólöf Björnsdóttir
Margrét Eyjólfsdóttir
Inga Danielsdóttir

Í sjúkrahússnefnd voru kosnar:

Lilja Sigurðardóttir
Anna Inga Rögnvaldsdóttir
Margrét Eyjólfsdóttir
til vara Sigurrós J. Sigurðardóttir

Ennur mál: Formaður bar fram tillögu um breytingu á 5. gr. laga félagsins, þannig að setningin: „Kona úr aðalstjórn sé jafnan formaður." falli út og greinin hljóði þá þannig: „Í stjórn félagsins skulu sitja þrjár konur. Formaður, ritari og gjaldkeri. Varastjórn sé kosin öll í einu, árlega. Varakonur komi inn í aðalstjórn, eftir þeirri röð sem atkvæðafjöldi skipar þeim. Þannig að varaformaður sé með flest atkvæði bak við sig. Gjaldkeri með næst flest og ritari með fæst. Stjórnin er kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið ~~sé~~ kosinn formaður og önnur stjórnarkonan, en hitt árið aðeins ein stjórnarkona. Endurskoðendur skulu vera tveir og kosnir til þriggja ára í senn. Annar eitt árið og hinn næsta ár á eftir."

Fyrrgreind breyting á 5. grein félagslaga, var einróma samþykkt.

Ákveðið var að engin fjáröflunarnefnd skyldi starfa árasta félagsár, en kaffinefndin taki að sér að sjá um spilakvöld á svipuðum tíma og verið hefur undanfarin ár.

Rætt var um 17. júní ~~nefnd~~ og samþykkt að hafa enga skemmtun þá, en reyna að fara í sameiginlegt ferðalag úr sveitinni og var löngu kosinni ferðanefnd falið að sjá um það.

Fram komu skilaboð frá „Ungmennafélaginu Hörpu", þar sem það fór fram á að ~~mega eignast~~ kaupa kluta í skápnum, sem kvenfélagið lét smíða undir búsáhöld og aðra muni, sem félögin eiga. Samþykkt var að Ungmennafélagið keyptí 1/3 kluta hans.

Næst voru lesin bréf, sem borist hafa. Fyrst bréf frá Sikdarfélagi Íslands, sem barst 21. des. sl. Fór félagið fram á fjárhagsaðstoð (frá Kvenfélögum) þar sem það hafði ráðist í kaup á 530 fermetra húsnæði í Ármúla 5, fyrir fyrsta „Sikdlækningastöð" hérlendis. "Á árí fatlaðra (81) vill Sikdarfélagið minna á að sikdsjúkdómar eru algengasta orsök fötlunar ~~og~~ Áætlað er að fjöldi alvarlegra sikdsjúkra, hér á landi, sé um 20 þúsund og konur um þrjár af hverjum þúsund til næsta fæðandi." Frestað var, að taka ákvörðun um hvort Kvenfélagið leti eitthvað af hendi rakna til þessa málefnis.

Þá var lesið bréf frá Arna Björnssyni þjóðháttafræðingi. Þar kveður hann þjóðháttanefnd vilja fara þess á leit við kvenfélögin í landinu að þau veiti nefndinni ábendingar um fólk, hvert í sínu byggðarlagi, sem hugsanlega gæti gefið upplýsingar um daglega lífnaðarhætti fólks fyrir nokkrum áratugum. Það er að segja um fyrri hluta þessarar aldar, a.m.k. fram að seinna stríði. Samþykkt var að ræða efni bréfsins betur á næsta fundi.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

P.S. Gleymst hafði, í ofangreindri fundargerð, að taka fram að reikningar félagsins höfðu verið endurskoðaðir af þeim Ólöfu Björnsdóttur og Sigfríði Jónsdóttur áður en þeir voru lesnir upp.

L. S.

Fundur haldinn hjá Kvenfélaginu Dunni 17/4 '82

Skráðar voru 12 konur.

Formaður: Laufey Dagbjartsdóttir setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og tilnefndi Sigríði Jónsdóttur fundarstjóra.

Fundarstjóri las síðan dagskrá fundarins og var hún eftirfarandi.

1. Bréf, sem borist hafa
2. Húsfreyjan.
3. Kosning fulltrúa á fund K. S. S. og móttökunefnd.
4. Önnur mál.

1.) Formaður las bréf frá Dikt-arfélagi Íslands, sem áður var lesið á síðasta fundi en afstaða ekki tekin til. Samþykkt var að senda félaginu 1000,00 kr. til styrktar starfsemi þess.

Næst las formaður bréf frá Félagssamtökunum Vernd, en höfuðtilgangur þeirra samtaka er að vinna að ýmsum velferðarmálum niðurandi og fyrrverandi fanga. Félagssamtökin fóru, í bréfi þessu, fram á fjárstuðning Kvenfélagsins. Samþykkt var að senda þeim 500,00 kr.

Því næst las formaður bréf frá Árna Björnssyni þjóðháttafræðingi, en það var áður lesið á síðasta fundi. Ákveðið var að koma því á framfæri, við Árna, að senda matti Kvenfélaginu spurningar, sem það myndi svara eftir bestu getu.

2.) Þá fór formaður fram á að Kvenfélagið keypti möppur undir árganga „Húsfreyjunnar", sem félagið á og var það samþykkt. Síðan var áskriftargjald Húsfreyjunnar innheimt.

3.) Kosningar: Fyrst var kosin fulltrúi á fund K. S. S. Jóna Guðmundsdóttir og Þorgerður Sigurjónsdóttir fengu jafnmörg atkvæði, svo draga varð á milli þeirra og kom nafn Jónu Guðmundsdóttur upp. Síðan var kosin móttökunefnd fyrir fund K. S. S. á Borðeyri. Þessar konur voru kosnar:

Lilja Sigurðardóttir
Rósa Jensdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Inga Danielsdóttir
Þorgerður Sigurjónsdóttir

til vara: Hanna Hannesdóttir og
Anna Rögnvaldsdóttir með jöfn atkvæði.
Ingibjörg Sigurðardóttir og
Ólöf Björnsdóttir með jöfn atkvæði.

4.) Rætt var um kaffisölu á nýbyrjuðu félagsári og ákveðið að selja kaffi með smurðu brauði á 45,00 kr.

Formaður minntist á brjálun félagsins og bauðst til að sjá um kirðingu á honum, næsta sumar, með hjálp annarra.

Anna Rögnvaldsdóttir minntist á sundlaugarmálið. Ákveðið var, að reyna, að halda fund um það á næstunni.

Fleira ekki á dagskrá

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Sunnudaginn 7. nóv. 1982, var fundur haldinn, hjá Kvenfelaginu Freyju, í barnaskólanum Borðeyri.
Fundinn sóttu 10 konur.
Formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og tilnefndi Sigríði Jónsdóttur fundarstjóra.
Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Rætt um ár aldraðra.
2. Bréf, sem borist hafa.
3. Önnur mál.
4. Kosningar: Jólabrésskemmtinefnd, þorrablótsnefnd.

Þá tók formaður: Laufey Dagbjartsdóttir til máls og bar fram tillögu um að kvenfélagið gæfi einhverja upphæð til styrktar, byggingu, íbúða aldraðra, sem Sveitarfélögin eru að ~~byggja~~ reisa á Hvammstanga. Í sambandi við mál þetta las Laufey bréf sem kvenfélaginu hafði borist frá formanni K. S. Í.: Jónu Þórðardóttur, en í því gerir Jóna grein fyrir vinnuvöku, sem Kvenfélaga-samband Íslands mælist til að kvenfélögin standi fyrir (á ári aldraðra) og verji ágóða af henni í þágu aldraðra. Nokkrar umræður urðu um efni bréfsins. Ekki var áhugi, hjá félagskonum, að halda vinnuvöku en samþykkt að kvenfélagið gæfi 10.000,00 kr. = tíu þúsund krónur, til íbúða aldraðra á Hvammstanga.

2. Því næst las formaður bréf frá Önnu Sigurðardóttur, en vegna persónulegra aðstæðna gat hún ekki mætt á fundinum. Þar þakkar Anna innilega gjöfina, sem kvenfélagið færði henni, í sumar, af tilefni 75 ára afmælis hennar. Kvað hún mikinn yl og minningar um áneggjulegar samveustundir skapa frá lampanum.

Síðan las formaður K. S. Í. frá 1981 og þar næst bréf frá Friðarhöpi kvenna: Hallveigarstöðum, en það er stór höpur kvenna af stór-Reykjavíkursvæðinu, sem komið hefur saman og rætt möguleika á starfi íslenskra kvenna, að friðar og afvopnunarmálum. Það eru tilmæli hópsins, að þeir, sem bréf þetta fá, þ. e. stjórnir allra kvenfélaga og kvennasamtaka hymi ávarp, þar sem bréfinu fylgir, í félögum sínum og kanni undirtektir ~~við~~ um hugsanlegt samstarf. Ef undirtektir verða góðar, verður boðað til ráðstefnu, ~~um stofnun~~ fyrri hluta næsta árs, um stofnun friðarhreyfingar íslenskra kvenna.

Ákveðið var að fela stjórn kvenfélagsins að kanna betur efni bréfsins og taka af afstöðu til þess.

Þá las formaður bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands, en í því greinir það frá fundarályktunum, sem gerðar voru, á þingi Húsmæðrafélags Norðurlands, í Hammerfors, dagana 3.-5. sept. sl. Markmið Húsmæðrasambands Norðurlands er að stuðla að verndun lífs, góðu umhverfi, og öruggri framtíð barna okkar.

3. Eftirfarandi konur buðust til að taka að sér saumafundi næsta félagsárs: Sigríður Jónsdóttir, Laufey Dagbjartsdóttir ~~og~~ á ~~árinu~~ í: Lilja Sigurðardóttir og Þerney Jónasdóttir.
Sigríður Ingólfsdóttir bauðst til að sjá um kaffi fyrir félagskonur á næsta fundi.

4. Þá var komið að kosningum.

sni

Í jólabrésskemmtinefnd voru kosnar:
Margrét Eyjólfsdóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir
Jóna Guðmundsdóttir
Sigurrós Sigurðardóttir
Sigríður Jónsdóttir
Sigríður Ingólfsdóttir
Til vara: Guðrún Ólafsdóttir og Ólöf Björnsdóttir.
Í Þorrablótsnefnd voru kosnar:
Elsa Gísladóttir
Hanna Hannesdóttir
Anna Inga Rögnvaldsdóttir
Lilja Sigurðardóttir.
Til vara: Þorgerður Sigurjónsdóttir, Jóna Guðmundsd og Guðrún Ólafsdóttir.
Fleiri mál lágu ekki fyrir.
Formaður þakkaði fundarkonum komuna og sagði fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

~~Fundur~~ Aðalfundur kvenfélagsins Iðunnar haldinn í barnaskólanum Borðeyri 6. febr. '83.
Fundinn sóttu 16 konur.
Formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og tilnefndi Sigríði Jónsdóttur fundarstjóra.
Fundarstjóri las, því næst, dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:
1. Félagsmál
2. Reikningar félagsins
3. Kosningar: a. Formaður, b. varastjórn, c. kaffinefnd, d. fjáröflunarnefnd.
4. Önnur mál.
1. Þá tók formaður til máls og ræddi um starfsemi félagsins á sl. ári. En hún var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Félags- og saumafundir voru vel sóttir. Talsverð fjárútlát voru á árinu en þó var fjárhagsafkoma félagsins góð. Kvenfélagið sá um fund K. S. S., sem haldinn var hér á Borðeyri, en félagið sér um hann fimmta hvert ár. Því næst las formaður bréf frá oddvita Bæjarhrepps: Þorsteini Elíssyni, þar sem hann farið kvenfélaginu beðið þakkir fyrir rausnarlega peningagjöf til íbúða aldraðra á Hvammstanga, sem afhend var 18. nóv. sl. Hreppsnefndin ákvað að verja gjöfinni til kaupa á húsbúnaði í sellustofu, sem er sameiginleg fyrir allar íbúðirnar. Formaður flutti síðan tillögu um að hækka árstillag kvenfélagsins og var ákveðið að hækka það úr í 100,00 kr.

2. Rósa Jensdóttir las síðan upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir óbreyttir. Skuldlaus eign félagsins var um áramót 33.604,88 kr. en í þeirri upphæð eru hlutabréf Sólumar hf. kr. 6000.00. Bókhaldi félagsins var breytt í tvöfalt bókhald á sl. ári og ákveðið var að hafa það þannig áfram.

3. Kosningar: Formaður Laufey Dagbjartsd. og gjaldkeri Rósa Jensdóttir voru einróma endurkjörnir, einnig varastjórn.
Þá var kosið í kaffinefnd og hlutu eftirtaldar konur kosningu.

Sigríður Ingólfsdóttir
Sigurrós J. Sigurðardóttir
Inga Danielsdóttir
Til vara: Sigfríður Jónsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Laufey Dagbjartsdóttir

Í fjáröflunarnefnd voru kornar:
Ólöf Björnsdóttir
Rósa Jensdóttir
Hanna Hannesdóttir
Elsa Gísladóttir
Margrét Egilsdóttir
Til vara: Sigfríður Jónsdóttir
Anna Inga Rögnvaldsdóttir.

4. Ýmsu mál: Formaður minntist á kaup á bollapörum, sem reyndar oft áður hefur borið á góma. Samþykkt var að kaupa 24 pör og var Rósu Jensdóttur falið að annast það.
Gjaldkeri: Rósa Jensd. vakti máls á skrá þyrfti og brunabryggja eignir félagsins, þ.e. kaffiskúrinn, borðin stólana o. fl. Var það einróma samþykkt.
Formaður bar fram tillögu þess efnis að kvenfélagið gæfi einhvern hluta til barnaskólans Borðeyri, sem hann þarfnaðist, t.d. segulbandstæki til notkunar við hljómmálakennslu. Fékk tillagan góðar undirtektir og var falið að athuga málið í samráði við Láru skólastjóra.
Einnig bar formaður fram tillögu um, að kvenfélagið byði fólki úr sveitinni, 67 ára og eldri, í skemmtiferð í sumar, t.d. að Laugum í Dalasýslu. Var tillagan samþykkt og ákveðið að reyna að fá góða kreppubíla til að taka þátt í ferðalaginu og var stjórn félagsins falin framkvæmd þessa.
Þá var rætt um verð á kaffi og ákveðið að selja það, fyrst um sinn á 50 kr. án smurðs brauðs, annars á 55 kr.
Fleiri mál ekki tekin fyrir.
Fundargerð lesin og samþykkt.
Formaður þakkaði fundarkonum komuna og sagði fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir.

Sumudaginn 1 maí '83 var fundur haldinn hjá Kvenfélaginu Dúnni í barnaskólanum Bæjarsveit.
Fundinn sóttu 9 konur.
Formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og tilnefndi Sigríði Jónsdóttur fundarritara.
Dagskrá fundarins lesin af fundarstjóra.
1. Bréf sem borist hafa.
2. Kosningar.
3. Önnur mál.
4. Húsfreyjan.

1.) Lesin var upp fundargerð sambands K.S.S. frá júní 1982.
Lesið bréf frá biskupi Íslands Pétri Sigurgeirssyni. Farið var fram á í bréfinu um fjársöfnun við Krísnisjóð. Krísnisjóður er stofnaður til að efla hið frjálsa kirkjulega starf í landinu, ákveðið var að gefa 500 krónur.

2) Kosin var fulltrúi á aðalfund K.S.S. Kosningu hlaut Ólöf Björnsdóttir Kollsá.
Kosið var í sjúkrahúsnefnd. Kosningu hlutu.
Guðrún Ólafsdóttir 7 atk.
Margrét Eiðsteinsdóttir 5 —
Ólöf Björnsdóttir 4 —
Til vara Laufey Dagbjartsdóttir 3 atk.

3. Rósa Jensdóttir, vakti máls á ~~hv~~ hvort konur vildu ekki styðja kvennaathvarfið
samþykkt var að gefa 1500 kr.

Rósa Jensdóttir, keypti stimpil fyrir kvenfélagið, með nafni þess.
Og gaf hún stimpilpúða.
Keypt var í veður bollastell fyrir 24, eins
og samþykkt var á síðasta fundi.
Talað var um að nokkrar konur kæmu saman í einu, til að slá grasið í kringum bryggjuhúsunum í Lækjardalnum og hlúa að þeim.

4. Umræður var um ársgjöld fyrir Húsfreyjuna

Fleiri mál lágu ekki fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt einróma.
Formaður þakkaði fundarkonum komuna og sagði fundi slitið.

vararitari Sigurrós Jóh. Sigurðardóttir.

Fundur hjá Kvenfélaginu Iðunni haldinn í barnaskólanum Borðeyri 20. nóvember 1983.

Fundinn sóttu 11 konur.

Formaður setti fundinn, bauð konur velkomnar og las síðan dagskrána, sem var eftirfarandi:

1. Kosningar: Jólabrésskemmtinefnd og Þorrablótsnefnd.
2. Bréf sem borist hafa, síðan á síðasta fundi.
3. Önnur mál.

1.) Kosningu í jólabrésskemmtinefnd hlutu eftirfarandi:

Guðrún Ólafsdóttir
Inga Danielsdóttir
Hanna Hannesdóttir
Laufey Dagbjartsdóttir
Rósa Jensdóttir
Ólöf Björnsdóttir

Til vara: Margrét Eyjólfsdóttir
Lilja Sigurðardóttir

Í Þorrablótsnefnd voru eftirfarandi konur kosnar.

Jóna Guðmundsdóttir
Inga Danielsdóttir
Ólöf Björnsdóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir og Sigurrós Sigurðard.

hlutu jöfn atkvæði sem 4. ~~skemmt~~ maður í nefndina og ákveðið var að þar skyldu ~~sjálfar~~ ákvarða hvor gengdi starfinu.

Til vara voru kosnar Margrét Eyjólfsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir.

2.) Því næst las formaður bréf, frá biskupi Íslands, þar sem hann þakkar félaginu veitta stuðning við „Kristnisjóð" og biður því blessunar guðs. Telur hann samtök íslenskra kvenna hafa áorkað miklu til farsældar og heilla fyrir þjóðarheildina.

Þá hafði félaginu borist þakkarkort, fyrir veittan stuðning, frá Kvennaathvarfinu í Reykjavík.

Einnig barst félaginu bréf frá Friðarhöpi kvenna, þar sem ~~höpurinn~~ hann þakkar bréf kvenfélagsins og þann stuðning, sem fram kemur, í því, við starfsemi hans. Þá tilkynnir Friðarhöpurinn að ráðstefna um stofnun „Friðarhreyfingar íslenskra kvenna", verði haldin í Norræna húsinu föstudaginn 27. maí 1983.

3.) Rósa Jensdóttir, Jóna Guðmundsdóttir og Hanna Hannesdóttir buðust til að sjá um saumafundi í vetur.

Jóna Guðmundsdóttir spurði fundarkonur, hvort ~~þeim fyndist~~ ekki væri ástæða til að kvenfélagið styrkti kirkjukór Prestsbakkakirkju. Var því vel tekið en upphæðin ekki ákveðin að sinni.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Formaður þakkaði fundarkonum komuna og sagði fundi slitið.

Lilja Sigurðard. ritari.

Nokkru eftir þennan fund ákveð stjórn „Kvenfélagsins" að það gæfi kirkjukór Prestsbakkakirkju kr. 2000,00.

L. S.

Aðalfundur, kvenfélagsins Dúmar, haldinn í barnaskólanum Borðeyri 11. mars 1984.

Fundinn sóttu 11 konur.

Formaður setti fundinn og las dagskrána, sem var eftirfarandi.

1. Félagsmál
2. Reikningar félagsins
3. Bréf, sem borist hafa
4. Kosningar: Ritari, varastjórn, annar endurskoðandi og varamenn endurskoðenda.

1.) Því næst flutti formaður ávarp um starfsemi félagsins s.l. ár o. fl.: Þrátt fyrir erfitt tíðarfar sl. veturs var félagsstarf með hefðbundnum hætti og fundir ekki færri en venjulega. Félagið keypti nokkuð af borðbúnaði s.l. tvö bollastell.
Þá bauð félagið hreppsbúum 67 ára og eldri ásamt mökum þeirra í skemmtiferð vestur að Laugum í Dalasýslu en þar var byggðasafnið skoðað og síðan ~~var~~ setst að veitingum, sem kvenfélagið hafði pantað hjá hótelinu. Því næst var ekið út að Krossholaborg og þaðan að Staðarfelli. Það var snæddur og ekið heimleiðis með viðkomu í Búðardal. Höfðu allir mjög mikla ánægju af ferð þessari. En því miður voru einstaklingar, sem ekki gátu notfært sér boð þetta, sakir heilsubresta.
Á nýliðnu félagsári gaf Kvenfélagið talsverða upphæð (rúml. 8000,kr.) til barnaskólans á Borðeyri til kaupa á bókum, sem vonandi verður vísir að bókasafni. Þá styrkti félagið Kvennaathvarfið í Reykjavík, Krisdnisjóð, Vernd og Kirkjukór Þreksbakkakirkju.
Formaður minntist síðan Guðrúnar Jóhannesdóttur, sem lézt sl. vor, eftir erfiða sjúkdómslegu. Þakkar Kvenfélagið störf hennar í þágu þess fyrr og síðar og blessar minningu hennar.
Tvær konur sögðu sig úr Kvenfélaginu á árinu: ~~Inga~~ Anna Inga Rögnvaldsdóttir, vegna brottflutnings úr sveitinni, og Ólmur Jóhannsdóttir. Nú er svo komið að félagar hafa sjaldan eða aldrei verið eins fáir.

2.) Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, sem áður höfðu verið endurskoðaðir af Ólöfu Björnsdóttur og Sigurrósu J. Sigurðardóttur. Hagur félagsins er nokkuð góður og skuldlaus eign þess var um síðustu áramót 53.375,50kr.
Voru reikningarnir samþykktir óbreyttir.

3.) Því næst las formaður bréf, sem stjórn og afmælisnefnd Verkalýðsfélags Hrútfirðinga, hafði sent Kvenfélögunum beggja megin fjarðarins. Þar leitar Verkalýðsfélagið til Kvenfélaganna um að taka að sér kaffiveitingar, (fyrir það) í fyrirhugaðu samsæti, síðasta vetrardag, í tilefni af 50 ára afmæli Verkalýðsfélagsins. Samþykkti fundur inn að Kvenfélagið taki þetta að sér, ásamt fleirum, og því ~~ákveð~~ var ákveðið á kjósa 5 konur til þessa.

4) Þá var komið að kosningum: Lilja Sigurðardóttir var endurkosin ritari. Anna Sigurðardóttir, sem gegnt hafði stöðu varaformanns um langt skeið gaf ekki kost á lengur, vegna vanheilsu. Í hennar stað var kosin Ingibjörg Sigurðardóttir. Sigfríður Jónsdóttir var endurkosin vara-gjaldkeri og Sigurrós J. Sigurðard. vararitari. Ólöf Björnsdóttir var endurkosin endurskoðandi. Sem varamenn endurskoðenda voru kosnar Jóna Guðmundsdóttir og Sigurrós J. Sigurðard.

Í kaffinefnd voru kosnar:

Elsa Gísladóttir
Lilja Sigurðardóttir
Rósa Jensdóttir

Til vara Laufey Dagbjartsdóttir
Hanna Hannesdóttir
Ingibjörg E. Sigurðardóttir

Til að sjá um kaffiveitingar í fyrirhuguðu samsæti Verkalýðsfélagsins voru eftirfarandi kosnar:

Margrét Eyjólfsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir
Hanna Hannesdóttir
Sigríður Halldórsdóttir
Sigurrós J. Sigurðardóttir

Til vara: Laufey Dagbjartsdóttir
Inga Daníelsdóttir

Annað mál: Rætt var um hvort fjáröflunarnefnd ætti að starfa árlega eða sjaldnar. Ákveðið var að ~~leysa ekki á hana þetta~~ hún starfaði ekki á nýbyrjuðu félagsári, en kaffinefnd var falið að sjá um eitt eða tvö spilakvöld.

Formaður flutti þá tillögu að Kvenfélagið ~~hélt~~ styrkti Kirkjukór Þreskbakkakirkju árlega t.d. með 4000,00 kr., 2000,00 kr. strax fyrir yfirstáðna og 2000,00 kr. seinni ~~þar á árs~~, Tekk tillagan misjafnar undirtektir en samþykkt var að gefa Kórnum 2000,00 kr. strax en engin ákvörðun tekin um meira síðar. Þá spurðist formaður fyrir um hvort áhugi væri fyrir að fá Gunnar Þorfinnsson barnaskólakennara til að halda námskeið í leikurvinnu og var þónokkur áhugi fyrir því og var Ingu Daníelsdóttur falið að ræða við Gunnar um það.

Árgjald félagsins verður áfram kr. 100,00

Ákveðið var að selja veislukaffi á kr. 200,00 en kaffinefnd falið að ákveða verð á öðru kaffi.

Fleiri mál ekki lágu fyrir.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Fundur kvenfélagsins Framtar, haldinn í barnaskólanum Borgarfirði 10. maí 1984.

Fundinn sóttu 15 konur.

Formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og skýrði frá dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi.

1. Bréf sem borist hafa.
2. Kosning fulltrúa á aðalfund K.S.S.
3. Önnur mál.

Formaður las fyrir næst ~~fr~~ bréf, frá Kirkjukór Presstbakkakirkju, þar sem hann þakkar kvenfélaginu veittan stuðning og hlýhug.
Þá las Laufey fundargerð K.S.S. 1983 og síðan bréf frá Björgu Einarsdóttur Einarsnesi, Rvík. Í því bréfi kemur fram að fundur Formannaráðs K.Í. hafði skorað á Björgu, að gefa út, á prenti, erindin: „Ár og dr ~~s~~ arfi íslenskra kvenna", er hún flutti í ríkisútvarpinu veturinn 1983-84. Til að kanna hvort grundvöllur sé fyrir útgáfunni, hefur verið brugðið á það ráð að bjóða áskrift að bókinni. Í samráði við skrifstofu K.Í. sendir Björg því lista fyrir áskrifendur til allra formanna héraðssambanda og aðildarfélaga, með von um að gerð verði víðvart um undirtektir eigi síðar en 1. júlí nk. Ákveðið var að Kvenfélagið yrði áskrifandi

að einu eintaki.

2.) Kosningar: Kjósa átti fulltrúa á aðalfund K.S.S. '84, Formaður tilnefndi Margréti Eysteinsdóttur og var það einróma samþykkt. Hanna Hannesdóttir var tilnefnd varamaður.

3.) Önnur mál: Þá beindi formaður þeirri fyrirspurn til fundarkvenna, hvort ekki væri ástæða til að kvenfélagið léti lagfæra girðinguna kringum bjálunum í Lækjardalnum. Var það mál nokkuð rætt og síðan ákveðið að félagið léti gera upp girðinguna í áföngum t.d. byrja á kantinum að sunnanverðu. Sigurrósu Sigurðardóttur var falið að biðja Ingva, að gera áætlun um efnismagn.
Inga Daníelsdóttir, Sigríður Ingólfsdóttir og Jenney Jónasdóttir tóku að sér að sjá um að reytt yrði grasið í kringum ~~tjal~~ bjálplönturnar og þær grisjaðar, ef með þyrfti.
Rætt var um hvort eitthvað ætti að gera, sér til skemmtunar 17. júní nk. Ákveðið var að reyna að fara í sameiginlegt ferðalag úr sveitinni og stjórn Kvenfélagsins falið að hafa frumkvæði að því.
Spurt var fyrir um, hvort áhugi væri fyrir að kaupa Bingó spjöld og körfu. Ákveðið var að kanna hvað það kostar og vita hvort Ungmennafélagið og Barnaskólinn væru til að kaupa það með Kvenfélaginu.

Rósa Jensdóttir lagði fram tillögu, þess efnis að Kvenfélagið keypti Sparisjóðskírteini, með 21 % vöxtum, fyrir 20 þúsund krónur, hjá Sparisjóði Kristfirðinga og var það einróma samþykkt.

Sigríður Ingólfsdóttir tilkynnti að ákveðið væri að orlofsvikur húsmæðra yrðu haldnar að Hvanneyri í sumar dagana 23. júní til 4. ágúst.

Fleiri mál ekki lekin fyrir.

Fundi slitið

Lilja Sigurðardóttir

Sunnudaginn 11. nóv. 1984 var haldinn fundur hjá Kvenfélaginu Ósk, í barnaskólanum Borðeyri. Fundinn sóttu 12 konur.

Eftir að formaður hafði setl fundinn og boðið fundargesti velkomna, las hann dagskrána, sem var eftirfarandi.

1. Kosningar: Jólatrésskemmtinefnd, þorrablótsnefnd og sjúkrahúsnefnd.
2. Bréf sem borist hafa
3. Önnur mál.

1.) Eftir ~~[illegible]~~ kluku kosningu í jólatrésk. nefnd:

Jóna Guðmundsdóttir
Sigurrós J. Sigurðardóttir
Margrét Eysteinsdóttir
Sigfríður Jónsdóttir
Sigríður Halldórsdóttir
Elsa Gísladóttir
Til vara Ingibjörg E. Sigurðard. Lilja Sigurðard.

Í þorrablótsnefnd voru kosnar:
Margrét Eysteinsdóttir
Elsa Gísladóttir
Rósa Jensdóttir
Sigfríður Jónsdóttir
Hanna Hannesdóttir

Til vara Lilja Sigurðard. Laufey Dagbjartsd. og Guðrún Ólafsdóttir. Allar með jöfn atkvæði.

Í sjúkrahúsnefnd voru kosnar:
Margrét Eyjólfsdóttir
Rósa Jensdóttir
Sigríður Jónsdóttir.
Til vara: Sigurrós J. Sigurðardóttir.

2.) Þá var komið að bréfum, sem borist höfðu.
Formaður las bréf frá Ferðamálaráði Íslands, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarsambandi Íslands. Í því segir að Ferðamálaráð Íslands hafi ákveðið að skera upp hérað til að hvetja til bættrar umgengni við landið. Forseti Íslands: Vigdís Finnbogadóttir, hefur fallist á að veita þessari „herferð", liðsinni og verður hún verndari þessarar hreyfingar.
Fyrrgreind félög hafa ákveðið að beina þeim eindregnu tilmælum til kvenfélaga, búnaðarfélaga og búnaðarsambanda um allt land, að þau beiti sér fyrir skipulegu átaki til bættrar umgengni, hvert á sínu starfssvæði. ~~Aðal þess~~
Í bréfinu segir: Aðal þess, sem stingur í augun er farið er um sveitir landsins eru lélegar eða ónýtar girðingar, bílhræ og aflagðar vélar, áburðarpokar, bréfarusl o. fl. Þarna er að segja um illa umgengnar áburðargeymslur og gamla kuskofa.

Eindregið er mælst til þess að kvenfélögin taki höndum saman við önnur félög, hvert í sínu sveit, og skipuleggi hreinsunarviku á hverju vori.

Þá las formaður bréf frá Oddnýju Björgvinsdóttur, en hún ~~hún~~ skrifar f. h. Ferðaþjónustu bænda og Sambands sunnlenzkra bænda. Hafa þau félög ákveðið að standa fyrir samkeppni um fallega þjóðlega hlusi eða hlut. Þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
1. Vera þjóðlegur, minna á meningu og sérstakt íslenzkt handbragð.
2. Auðveldur í vinnslu.
3. Söluhæfur, ekki og fyrirferðarmikill í flutningi. Nytsamlegur en verður samt að höfða til íslenzkrar sögu og meningar.
4. Listræn, þannig að verðgildi sé í honum fólgið. Stofnað verður til námskeiða í samvinnu við kvenfélagasambönd til að kenna handbragð við gerð þess eða þeirra hluta, sem damast berst. Góð verðlaun eru í boði. Samkeppnin stendur til nk. áramóta.

3.) Formaður vakti máls á því, hvort ekki væri nauðsynlegt að mála ~~kaffi~~ réttarskúrinn á næstunni. Nokkrar umræður urðu um það mál og töldu sumar að ef til vill væri betra að klæða hann að utan. Engin ákvörðun var tekin um þessa ~~mál~~ að sinni.

Rósa Jensdóttir minntist á leiðurnamskeiðið, sem haldið var, á vegum kvenfélagsins sl. vetur, og styrk þann, sem K. S. S. veitti. En það greiddi, til kvenfélagsins, hálft kennslugjald fyrir alla þátttakendur á fyrrgreindu námskeiði, hvort, sem þeir voru ~~líkið var~~ í kvenfélaginu eða ekki.

Líkið var rætt um mál þetta og ekki allar á eitt sáttar um hvort endurgreiða eða styrkinn til allra eða einungis félagskvenna. Að lokum var samþykkt að endurgreiða hann ~~til~~ nú og framvegis til allra þátttakenda, svo framarlega sem K. S. S. héldi áfram að greiða (hálft gjald) fyrir alla.

Einnig var samþykkt að kvenfélagið greiddi, að hluta til, kennslugjald fyrir sínar félagskonur.

Þá var rætt um hvort ekki væri rétt að kaupa nýja stóra straufríja dúka, þar sem svo mikil vinna væri að strauja þá sem til voru. Ákveðið var að kaupa einn eða tvo eftir því hvaða stærðir fengjust.

Formaður beindi þeirri fyrirspurn til félagskvenna, hvort ekki væri vel til fallið að styrkja Heilsugæslustöðina á Hvammstanga, þar sem kvenfélagið væri nýna vel statt fjárhagslega.

Ákveðið var að gefa 20 þúsund kr. til stöðvarinnar.

Einnig var rætt um og samþykkt að gefa kirkjukór Prestsbakkakirkju 2000,00 kr.

Rósa Jensdóttir spurðist fyrir um, hvort áhugi væri fyrir því að félagskonur og makar þeirra, færu í leikhúsferð í vetur, að nokkru eða öllu leiti á kostnað kvenfélagsins. Mikill áhugi virtist vera fyrir því, en ekki ákveðið að svo stöddu hvert og hvenær fara skyldi. En fylgjast með hvort eitthvert áhugavert leikrit yrði sýnt hér í grendinni, þar sem talið var að meiri þátttaka gæti orðið, ef ekki yrði farið mjög langt, þannig að hægt væri að koma heim samdægurs.

Þá spurðist Rósa Jensd. félagskonur, hvort kvenfélagið hefði aldrei átt dómbjöllustokk. Ekki töldu þær það vera. Ákveðið var að kanna hvort Helgi Hannesson gæti og vildi smíða hann fyrir félagið.

Þá var rætt um saumafundi á nýbyrjuðum vetri. Rósa Jensd. bauðst til að halda fund fyrir jól, en hún gat ekki vegna slæmrar líðan haldið fund sl. vetur. Eftir ~~haldast~~ konur buðust til að halda saumafundi eftir áramót og þá í þeirri röð sem þær eru skráðar.

Sigurrós J. Sigurðardóttir, Elsa Gísladóttir og Ingibjörg E. Sigurðardóttir.

Fleiri mál ekki tekin fyrir.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir.

Sunnudaginn 3. febrúar 1985, var aðalfundur kvenfélagsins Framtíðar haldinn í barnaskólanum Borðeyri. Fundinn sóttu 14 konur.

Formaður setti fundinn. Bauð fundarkonur velkomnar og greindi frá dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:

1. Félagsmál.
2. Reikningar félagsins.
3. Kosningar: Formaður, gjaldkeri, varastjórn og kaffinefnd.
4. Bréf sem borist hafa.
5. Önnur mál.

1.) Formaður flutti ágrip yfir starfsemi félagsins á nýliðnu félagsári. Tekjur þess mátti heita góðar. Kaffinefnd sá um veitingar á sýslufundi Strandasýslu sem haldinn var hér í barnaskólanum sl. sumar og stóð í 2 daga. Einnig sá kvenfélagið, ásamt kvenfélagi Staðarhrepps, um veitingar í kófi, sem Verkalýðsfélag Kristfirðinga stóð fyrir í tilefni 50 ára afmælis þess. Að öðru leyti var starfsemi félagsins með svipuðu sniði og venjulega.

Laufey minntist á að, því miður, fækkaði fólki mjög í sveitinni og þá einnig í kvenfélaginu, en ekki dygði annað en vera bjartsýnn, því oftast kæmi maður í manns stað.

2.) Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir óbreyttir. Skuldlaus eign félagsins um sl. áramót var 91.450,30 kr. fyrir utan réttarskúr og borðbúnað.

3.) Þá var komið að kosningum: Laufey Dagbjartsdóttir gaf ekki kost á sér, lengur, sem formaður. Rætt var um nýjan formann og fengu Þorgerður Sigurjónsdóttir og Sigurrós J. Sigurðardóttir jöfn atkvæði. Dregið var á milli þeirra og kom upp nafn Sigurrósar.

Í varastjórn voru kosnar: Sigríður Jónsdóttir (formaður) Elsa Gísladóttir (gjaldkeri) og Þorgerður Sigurjónsdóttir (ritari).

Rósa Jensdóttir var endurkjörin gjaldkeri.

Í kaffinefnd voru eftirtaldar konur kosnar:

Ólöf Björnsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir
Þorgerður Sigurjónsdóttir

til vara: Inga Danielsdóttir
Ingibjörg J. Sigurðardóttir
Sigríður Jónsdóttir.

Ákveðið var, eftir nokkrar umræður, að kjósa í fjáröflunarnefnd og kluku eftirtaldar konur kosningu.

Inga Danielsdóttir } hlutu jöfn atkvæði.
Guðrún Ólafsdóttir }
Jenney Jónasdóttir

til vara: Sigríður Jónsdóttir
Laufey Dagbjartsdóttir.

4.) Formaður las bréf, sem félaginu hafði borist. Fyrst bréf frá Guðbjörgu Jónsdóttur handmennskukennara. Í því býður hún kvenfélögunum upp á námskeið í: I. Saumaskap og saumálun, II badik, III jurtaliturn. Kennslugjald fyrir saumálun og badik er kr. 3.000,00 og fyrir jurtaliturn kr. 6.000,00. Kennslustundir á ~~hverju~~ ~~námskeiðum~~ námskeiðum í saumaskap og badik eru 27 og þátttakendur mega vera 12–14. En á námskeiði í jurtaliturn eru 40–50 kennslustundir. Sami þátttakendafjöldi. Þau félög sem kynnu að hafa áhuga, á þessum námskeiðum, eru beðin að panta með minst 14 daga fyrirvara. Frekari upplýsingar eru veittar í síma 4 41 24.

Því næst las formaður bréf frá Péturi Ásbjarnarsyni, þar sem hann þakkar, fyrir hönd Sjúkrahúss Hvammstanga, þá rausnarlegu ~~gjöf~~ upphæð, sem kvenfélagið gaf til heilsugæslustöðvarinnar.

5.) Rætt var um hvort hækka ætti ársgjald kvenfélagsins og ákveðið að hækka það upp í 200,00 kr.

Þá greindi formaður frá símtali, sem Jóna Þórðardóttir Felli átti við hana nýlega. En í því sagði Jóna að K.S.S. hyggist, með hjálp kvenfélaganna, gefa heilsugæslustöðinni á Hólmavík eyrnaskoðunartæki fyrir 80.000.00 kr. og kvaðst Jóna fara fram á hvert kvenfélag gæfi kr. 5.000,00. Vegna sérstöðu okkar félags, þar sem við sækjum heilsugæslu til Hvammstanga, var ákveðið að taka ekki þátt í ~~g~~ að gefa þessa tæki.

Rósa Jensdóttir skýrði frá því að Sjúkrahús Hvammstanga hefði varið þeim 20. þúsundum, sem kvenfélagið gaf til heilsugæslustöðvarinnar þar, til kaupa á augnskoðunar tæki en þar sem það tæki kostaði mun meira, var ákveðið að ~~taka 12.000,00 kr. við þá~~ félagið gæfi 12.000,00 kr. til viðbótar.

Rætt var um námskeiðahald á vetrinum, en ekki virtist mikill áhugi fyrir því svo það mál fell niður að sinni.

Rætt var um, og mikill áhugi virtist vera fyrir, fyrirhugaðri leikhussferð kvenfélagsins. Skipar skoðanir voru um, hvort fara ætti til Reykjavíkur eða Akureyrar og gista þar eina nótt eða eitthvað styttra og koma heim samdægurs.

Þá tilkynnti Rósu Jensdóttur var samþykkt samhljóða að gera Önnu Sigurðardóttur að heiðursfélaga kvenfélagsins.

Nýkjörinn formaður: Sigurrós J. Sigurðardóttir þakkaði fráfarandi formanni: Laufeyju Dagbjartsdóttur vel unnin störf í þágu félagsins og árnaði henni allra heilla.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

Föstudaginn 19. apríl 1985 var fundur haldinn hjá kvenfélaginu Iðunni.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Bréf sem borist hafa.
2. Kosningar: Fulltrúi á fund K.S.S.
3. Önnur mál.

Formaður las bréf frá Pétri Ásbjörnssyni þar sem hann þakkar (fyrir hönd sjórnar Heilsugæslustöðvarinnar á Hvammstanga) kvenfélaginu rausnarlegar gjafir til tækjakaupa.

Þá las formaður bréf frá samtökum íslenskra kvenna: „85 nefndinni". En kvenfélagasamband Íslands er aðili að þeim samtökum. Í bréfi þessu er greint frá að nefndin hafi ákveðið að gangast fyrir söfnun til aðstoðar við konur sínar í þróunarlöndunum. Og fyrir valinu varð verkefni, sem alþjóðleg samtök „Worldview International Foundation", beita sér fyrir. Það er að taka upp og efla nýja ~~tö~~ boðleið til að koma þekkingu og fræðslu um heilbrigðismál, vatnsöflun o.fl. á hagnýtan hátt út til konanna á afskekktum stöðum og fá þær til að beita á þann hátt aðstöðu sína og sinna. Stefnt er að því að nota myndbandstækni til að ná til þeirra. Verkefnið felst nú í stórum dráttum í því að þjálfa sex Kenyakonur til að vinna á fyrsta myndbandið þátt um öflun vatns og meðferð þess. Þessi fyrsta mynd verður lögð fram á „Forum-85", ráðstefnunni í Nairobi í sumar og myndatur um hana umræðuhópur undir kjörorðinu „Boðveitur sem tæki til þróunar". Síðan dreifist hún, og fleiri myndir fylgja í kjölfarið t.d. um heilbrigðismál, meðferð ungbarna o.fl., út í þróunarlöndin. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að kvenfélagið gæfi tvö þúsund krónur til þessarar söfnunar. Þá ákvað fundurinn að gefa 400,00 kr. til Verndar.

7. Því næst var kosin fulltrúi á fund K.S.S. sem haldinn verður á Ísafirði 7. maí nk. Ingibjörg E. Sigurðardóttir og Inga Danielsdóttir fengu jöfn atkvæði. Dregið var á milli þeirra og kom upp nafn Ingu.

8. Formaður greindi frá að ~~frá~~ Jenney Jónasdóttir hefði orðið það við sig, hvort ekki væri vel til fallið að félagskonur færu Þorbirni Bjarnasyni einhverja fallega gjöf í þakklætisskyni fyrir mikil og vel unnin störf í þágu kvenfélagsins. Var því mjög vel tekið og helst rætt um að kaupa útskorinn lampa úr íslenskum birki. Var stjórninni falið að sjá um kaup og afhendingu gjafarinnar.

Rósa Jensdóttir spurðist fyrir um hvort ekki ~~væri~~ væri áhugi á að styrkja söfnun þá sem Lionsklúbbarnir gengjust fyrir með sölu rauðu fjaðranna*. Tekið var góðar undirtektir og ákveðið að gefa 1.500,00 kr. til hennar. Einnig var rætt um og samþykkt að gefa sömu upphæð til Hjálparsöfnunar kirkjunnar, vegna Eþíópíusöfnunarinnar.

*

kvenfélagið ætti að

Þá var rætt um hvort halda ~~ætti~~ skemmtun eða ~~eða fara í~~ gangast fyrir ferðalagi 17. júní. Kosin var nefnd til að sjá um það mál og kluku eftirtaldar konur kosningu: Elsa Gísladóttir, Ólöf Björnsdóttir og Þorgerður Sigurjónsdóttir, til vara Jóna Guðmundsdóttir og Lilja Sigurðardóttir.

Sigurrós Sigurðardóttir og Jóna Guðmundsdóttir lóku að sér að halla saman fólk til að klyma að brjáplöndunum í Lakjardalnum og gróðursetja nýjar, sem keyptar yrðu. Ákveðið var að kaupa a. m. k. 10 viðiplöntur þessa vor. Rósa Jensdóttir minntist á réttarskúrinn og hvort mála ætti hann að utan eða klæða með einhverju varanlegu efni. Höllustu fundarkonur að því að nóg mundi vera að mála hann, enda væri hitt allsof dýrt. Ekki var ákveðið hvort mála ætti hann í sumar eða síðar.

Rætt var um verðlagningu á kaffi sem selt yrði og ákveðið ~~að~~ verð þess yrði 175,- miðað við að smurt brauð væri með.

Fleiri mál ekki lekin fyrir.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir

23. nóv. '85 var fundur Kvenfélagsins Ósk haldinn í barnaskólanum Borðeyri. Fundinn sóttu 9 konur.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Fundur settur.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar og fundargerð K. S. S. '84
3. Bréf sem borist hafa
4. Kosningar: Jólatrésskemmtinefnd, þorrablótsnefnd og sjúkrahússnefnd.
5. Starfsemi félagsins á nýbyrjuðum vetri:

a) Á að koma á einhverju skemmtikvöldi.

b) Er áhugi fyrir að bjóða konum í aðliggjandi hreppum.

c) Er áhugi fyrir námsskeiðahaldi.

6. Önnur mál.

Ritari félagsins las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt athugasemdalaust.

Formaður las síðan fundargerð K. S. S. þar kom fram m. a. að Ferðaþjónusta bænda hefði í huga samstarf við kvenfélagasambönd um námsskeiðahald í heimilisiðnaði þar sem áherslu væri lögð á ~~að~~ vinna úr innlendu hráefni, ~~til að koma á~~ sem henntuðu til sölu, í tengslum við ferðamannaþjónustuna. Í því tilefni hafa Ferðaþjónusta bænda og Samband sunnlenskra kvenna ákveðið að efna til samkeppni um gerð fallegra fjöðlegra muna.

Þá var fram borin sú hugmynd K. Í. að hvert félag innan þess greiddi nefskatt af hverri konu ~~innan~~ ~~þess~~ til K. Í. og var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Aðalfundur K. S. S. haldinn 19. júní 1984 samþykkir að

framvegis greiði sambandið nefskatt til K. Í. að upphæð 5 kr. Ennfremur hækki gjald það, er hvert félag greiði til K. S. S. úr 5,00 kr. í 10,00 kr. á félaga.

Þá samþykkti aðalfundurinn stjórnartillögu þess efnis að K. S. S. greiddi, að þessu sinni, 10 þús. kr. orlofsfjöð.

Skuldlaus eign K. S. S. var um áramót '83.–'84 41.678,92.

3.) Þá las formaður bréf frá Önnu Sigurðardóttur og Helga Skúlasyni Guðlaugsvík. Þar sem þau greina frá því, að þau hefðu áhveðið að færa kvenfélaginu að gjöf 40 þús. krónur. Óskuðu þau kjörin eftir að þessarri upphæð yrði varið til ~~að~~ styrktar framkvæmdum innan sveitarinnar, sem félagskonur hefðu áhuga á og miðuðu að því að bæta skilyrði til betra lífs í sveitinni. Hefðu þau þá helst í huga sundlaugarbyggingunna við barnaskólann á Borðeyri, en framkvæmd þeirrar hugmyndar væri þeim kjörnum mjög hugleikin. Með bréfinu fylgdi kvittun, frá Sparisjóði Hrútfirðinga, fyrir 40 þús krónum, sem lagðar höfðu verið inn á vaxtaaukareikning á nafni Kvenfélagsins.

Því næst las formaður þ. bréf frá K. Í þess efnis að því hefði borist bréf frá Krabbameinsdeild Kvensjúkdómadeildar Landsspítala Íslands, þar eru konur innan K. Í. beðnar um að styrkja deildina til kaupa á tæki til lækninga á leghálskrabbameini, svonefndu Efðirhleðslutæki fyrir innri-geislun leghálskrabbameins. ~~K. Í.~~ Stjórn K. S. S. leitar nú til allra aðildarfélaga sinna að leggja málinu lið. Umrætt tæki kostar um 3,5 milljónir króna. Ef hver kvenfélagskona greiðir 200,00 kr. til þessa er markinu náð. Lækningatæki þetta er hið nýjasta og bezta af sinni gerð og hefur gefið góða raun. Fundarkonur áhvaðu að kvenfélagið gæfi 5000,00 kr. til söfnunarinnar.

4.) Kosningar. Í ~~sjúkrahússnefnd~~ jólatrésskemmtinefnd voru kosnar
Inga Daníelsdóttir
Lilja Sigurðardóttir
Hanna Hannesdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
til vara: Þorgerður Sigurjónsdóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir

Í þorrablótsnefnd voru kosnar:
Inga Daníelsdóttir
Lilja Sigurðardóttir
Jóna Guðmundsdóttir
Sigurrós J. Sigurðardóttir
Þorgerður Sigurjónsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
til vara: Ingibjörg E. Sigurðard. Sigríður Halldórsdóttir.

Í sjúkrahússnefnd voru kosnar: Ingibjörg E. Sigurðardóttir
Hanna Hannesdóttir, Ingibjörg E. Sigurðardóttir.
til vara: Jenney Jónasdóttir, Lilja Sigurðardóttir.

5.) Formaður ~~vakti um~~ bar undir fundarkonur hver starfsemi félagsins ætti að vera á, nýbyrjuðum vetri, utan hinna venjulega starfa. Fjáröflunarnefnd ársins 1985 tók að sér að sjá um skemmtikvöld einhvern tíma vetrarins. Sigfríður Jónsdóttir og Jenney Jónasdóttir buðust til að halda saumafundi. En Elsa Gísladóttir gat ekki vegna óviðráðanlegra orsaka haldið saumafund á sl. vetri, eins og hún hafði tekið að sér og mun því halda hann í vetur.

Þá var ákveðið að bjóða konum í nærliggjandi hreppum til kaffidrykkju og spáskemmtunar og stjórn kvenfélagsins falið að ~~standa fyrir~~ hafa frumkvæði að því síðar í vetur.

Einnig var rætt um námskeiðahald og leikhúsferð. Lítill áhugi virðist vera fyrir námskeiðum og engin ákvörðun tekin um leikhúsferð.

6.) Ákveðið var að styrkja kirkjukór Þreskbakkakirkju með 4.500,00 krónum.

Rósa Jensdóttir bar fram tillögu þess efnis að gefa barnaskólanum á Borðeyri einhverja fjárhæð, upp í fyrirhugað kaup á sjónvarpi og myndbandstæki. Samþykkt var að gefa 25.000,00 kr.

Fjáröflunarnefnd greindi frá því að hún stefni að því að hafa bombólu og kaffisölu fyrir jól.

Formaður skýrði frá því að stjórn félagsins hefði keypt útskorinn lampa og fæt þorbirni Bjarnasyni að gjöf, frá kvenfélaginu, eins og um var talað á síðasta fundi.

Fleiri mál ekki tekin fyrir. Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir.

Sunnudaginn 2. febr. 1986, var aðalfundur kvenfélagsins Iðunnar haldinn í barnaskólanum Borðeyri. Fundinn sóttu 13 konur.

Formaður bauð fundarkonur velkomnar og las dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:

1. Fundur settur.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
3. Bréf, sem borist hafa.
4. Skýrsla formanns.
5. Reikningar félagsins.
6. Lög félagsins
7. Kosningar: Ritari, varastjórn. Kaffinefnd, fjáröflunarnefnd og fulltrúi á fund K.Í.S.
8. Önnur mál.

Eftir að formaður hafði setti fundinn, las ritari fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt, án athugasemda.

3.) Formaður las síðan bréf, sem félaginu hafði borist frá forlaginu Bókrún hf. þar bíður það minnisbók 1986 á kynningarverði kr. 320,- og 5% afslátt ef keypt eru 10-19 eintök en 10% afslátt, ef keypt eru 20 eintök eða fleiri.

Í bókinni er, ásamt línum fyrir minnisatriði, texti, sem efnislega tekur mið af ýmsu varðandi ávi og stöðu kvenna fyrr og nú og heilsíðu ljósmyndir af sama toga.

4.) Þá næst las formaður skýrslu yfir starfssemi kvenfélagsins á síðasta starfsári:
Haldnir voru breir saumafundir, einn stjórnarfundur og þrir félagsfundir. Árlegt þorrablót var haldið í samvinnu við ungmennafélagið Hörpu. Tvær skemmtiferðir voru farnar á árinu. Sú fyrri var farin, í mars, til að sjá leikritið „Ingigerður Óskarsdóttir" eftir Fraúsku vegurfræðing, sem sýnt var í Borgarnesi. Rúmlega 20 manns fóru, voru það kvenfélagskonur og makar þeirra flestra. Farið var af stað seinni part dags og komið í Borgarnes milli kl. 18 og 19. Þar borðaði hópurinn sameiginlega kvöldverð, sem áður hafði verið pantaður. Síðan var haldið í leikhúsið. Eftir leiksýninguna bauð Anna Inga Rögnvaldsdóttir hópnum til kaffidrykkju og var sæmilegt þar við dágóða stund. Heim var komið um miðnætti um nóttina. Kvenfélagið greiddi farið (Farið var með rútu Hermanns á Haugi) og leikhúsmiðana. ~~en~~
17. júní gekkst kvenfélagið fyrir skemmtiferð fólks úr sveitinni. Farið var ~~af stað~~ á 9 bílum. Lagt var af stað að morgni og komið heim að kvöldi. Ekið var norður Strandasýslu, að Þyrilsvallavatni, þar sem áð var og nesti borðað. Síðan var haldið til Hólmavíkur og Drangsness og þaðan í Bjarnarfjörð og heimleiðis yfir Bjarnafjarðarháls. Báðar ~~þessar~~ ferðir voru hinar ánægjulegustu.
Eins og undanfarna vetur fóru nokkrar félagskonur í heimsókn á sjúkrahúsið á Hvammstanga, til að skemmta gamla fólkinu, var þeim vel tekið eins og ávinlega áður.
Kaffinefnd sá um kaffisölu á félagsfundum og í Hvalsárrétt, eins og undanfarin ár.
Konur í Kvennabandi V.-Hún. buðu konum í K.S.S. á skemmtun á Hvt. sem þær héldu 19. júní í tilefni loka kvennáralugarins. 3 konur frá Tóunni þágu boðið.
Á annað hundrað trjáplöntur voru gróðursettar í Lækjardalnum, sl. sumar, bæði birki og víðja sem var gjöf frá Skógrækt ríkisins. Einnig var gróðursettur strandavíðir, sem kvenfélagið keypti. Við gróðursetningunna unnu margir krepptsbúar auk félagskvenna.
Fjáröflunarnefnd hélt spilakvöld í nóvember og klukaveltu í desember.
Haldin var hin árlega jólabrésskemmtun fyrir börn, milli jóla og nýárs.
Félagið gaf margar gjafir á árinu, bæði til líknarfélaga og annarra.
5. Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins og las reikninga þess. Voru þeir samþykktir óbreyttir. Skuldlaus eign félagsins var um áramót 114.696,00 kr.

6. Formaður las lög félagsins og bað fundarkonur að líta í lögin, ef þær vildu einhverjar breytingar á þeim. Engar tillögur um það komu fram.

7.) Ritari: Lilja Sigurðardóttir, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Í hennar stað var kjörin Sigríður Jónsdóttir.

Í varastjórn voru kosnar Elsa Gísladóttir, (9) Þorgerður Sigurjónsdóttir (8) Jóna Guðmundsd. (7)

Eftirtaldar konur hlutu kosningu í kaffinefnd:

Hanna Hansesdóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir
Guðrún Ólafsdóttir

til vara: Inga Danielsdóttir
Margrét Eysteinsdóttir
Laufey Dagbjartsdóttir.

Í fjáröflunarnefnd voru kosnar:

Jóna Guðmundsdóttir
Lilja Sigurðardóttir
Þorgerður Sigurjónsdóttir.

til vara: Ólöf Björnsdóttir
Elsa Gísladóttir
Sigurrós J. Sigurðardóttir.

Fulltrúi á fund K. S. S. var kosinn Lilja Sigurðardóttir. Til vara: Þorgerður Sigurjónsdóttir.

8. Fundarkonur ákváðu að hækka félagsgjald ið úr 200,- upp í 300,- kr.

Einnig var ákveðið að selja fundarkaffi með smurðu brauði á 210,- kr. og kaffi með brauði og rjómaterta, eða rjómapönnukökum, á 260,- kr.

Rósa Jensdóttir ~~vakti máls~~ skýrði á sundlaugarbyggingarmálinu, sem mikið var rætt fyrir nokkrum árum. Anna og Helgi í Guðlaugsvík gáfu kvenfélaginu 40 þúsund krónur sl. sumar og vildu þau helst að þeim peningum yrði varið til byggingar sundlaugar á Borðeyri. Af þessu tilefni lét Rósa Jensdóttir að sér, að kalla saman fund hjá fyrrverandi sundlaugarnefnd.

Formaður þakkaði fráfarandi ritara vel unnin störf, og bauð nýkjörinn ritara velkominn til starfa.

Fleiri mál ekki lekin fyrir.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Lilja Sigurðardóttir